ÞÓRHALLUR VILHJÁLMSSON
*Er gefinn fyrir antík og gamla muni*
• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




STEFÁN KARL
*Leikur Lárus í Laxdælu*
Fyrsta stóra kvikmyndahlutverkið
FÓLK 22






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. maí 2009 — 123. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Skoskar húsmæður reiðar

Voru ekki hrifnar af unglegum og áströlskum Sportacus.

FÓLK 22

### Mínútulöng vinátta



Sveinbjörn J. Tryggvason er tilnefndur til verðlauna á Siggraph-tölvugrafíkhátíðinni.

TÍMAMÓT 12

### Þáttaskil

Í vikunni urðu þáttaskil í umgengni valdhafa við íslenska peningafursta, segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 10

### Newcastle féll



Hið sögufræga félag, Newcastle, féll í gær úr ensku úrvalsdeildinni.

ÍÞRÓTTIR 19

## VEÐRIÐ Í DAG




**Vætusamt** Í dag verða suðvestlægar áttir, víða 3-10 m/s en hvassari norðaustanátt á Vestfjörðum. Búast má við rigningu eða skúrum en þó verður að mestu úrkomulaust suðaustanlands.

VEÐUR 4

# Húsið verði fjölnota listahús

**Flutningur Íslensku óperunnar og Íslenska dansflokksins í Tónlistar- og ráðstefnuhús, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands er í skoðun. Verið er að meta nauðsynlegar breytingar. Gerður er fyrirvari um góða aðstöðu.**

**MENNING** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur hreyft þeirri hugmynd að Tónlistar- og ráðstefnuhúsið verði nýtt betur með því að fá sem flestar listgreinar þangað inn. Hluti af þessu endurmati sé að flytja Íslenska dansflokkinn og Íslensku óperuna þangað. Með því sparist annað húsnæði. Þá sé einboðið að fá þurfi samstarfsaðila í rekstur-inn.

„Við viljum nýta húsið eins vel og mögulegt er, ekki bara tónlistarhlutann, heldur einnig ráðstefnuhlutann. Þar eru möguleikar á tekjuöflun,“ segir Katrín.

Stefán Baldursson óperustjóri segist hafa skoðað aðstöðuna í Tónlistarhúsinu og lítist nokkuð vel á. „Ráðuneytið og Austurhöfn leituðu til okkar og með tilliti til kringumstæðna ákvað stjórnin að taka mjög jákvætt í erindið. Okkur sýnist að óperuhús í Kópavoginum ýtist inn í framtíðina og þó að húsið við höfnina sé ekki hannað fyrir óperu- og sviðslistir er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi.“

> „Við viljum nýta húsið eins vel og mögulegt er, ekki bara tónlistarhlutann, heldur einnig ráðstefnuhlutann. Þar eru möguleikar á tekjuöflun.
>
> KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
> MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Stefán segir óperuna hafa unnið greiningu á sínum grunnþörfum. Þar á bæ séu menn jákvæðir, að ákveðnum skilyrðum uppfyllt-um. Íslenska óperan á Gamla bíó. Stefán segir ekki tímabært að velta því fyrir sér hvað verði um það hús ef af þessu yrði.

Ása Richardsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins, segir málið á umræðustigi. Aðstæður og teikningar hafi verið skoðaðar, en ekki ein króna verið nefnd. „Það var ekki gert ráð fyrir dansflokki í húsinu í upphafi, þannig að augljóst er að gera verður einhverjar breytingar ef mæta á þörfum hans. Aðalmálið hlýtur að vera hvað þær kosta og hverjir hinir listrænu möguleikar eru.“

Dansflokkurinn hefur sýnt í Borgarleikhúsinu í 200 og 500 manna sal. Ása segir ljóst að 1800 manna salur sé allt of stór, nema fyrir stór samstarfsverkefni. Hún segir að vissulega geti skapast möguleikar með flutningi. „Við getum þó ekki svarað því hvernig okkur líst á þetta fyrr en við höfum fengið svör við því hvernig starfsemin yrði og sérstaklega hvað þetta mundi kosta.“

Anna Kristín Einarsdóttir, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, segist spennt fyrir því að fá fleiri í húsið. „Þetta er bara jákvætt. Fyrir mitt leyti hefur mér alltaf þótt skrítið að óperan væri ekki með og hef tröllatrú á samstarfi og að allir nýti þetta flotta hús.“ **- kóp**



**STERK VIÐ ÖLDUNA STÍGUM** Mikil ánægja ríkti með fyrstu öldulaug landsins í Álftaneslauginni sem opnuð var á laugardaginn. Talið er að tæplega 3.000 gestir hafi heimsótt laugina yfir helgina, en aðgangseyrir var enginn í tilefni af opnuninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öldulaug og stór vatnsrennibraut drógu gesti á Álftanes um helgina:

# Þrjú þúsund manns í sund

**ÚTIVIST** „Fyrsta helgin gekk alveg frábærlega. Það eru allir mjög ánægðir með laugina og aðsóknin var svo mikil að það jaðraði við múgæsingu,“ segir David Park, forstöðumaður Álftaneslaugar, nýrrar sundlaugar sem opnuð var með pomp og prakt á laugardag.

Frítt var í laugina um helgina og telur David að rétt tæplega 3.000 gestir hafi nýtt sér kostaboðið. „Það er mjög mikil aðsókn, sérstaklega í ljósi þess að þetta var ekkert auglýst. Þetta var í raun opnunarhátíð fyrir Álftnesinga. En það er auðvitað margt sem trekkir að í þessari glæsilegu laug,“ segir David.

Meðal þess sem Álftaneslaug hefur upp á að bjóða er stærsta vatnsrennibraut landsins, sem er tíu metra há og áttatíu metra löng, og fyrsta öldulaugin á landinu, auk 25 metra útilaugar, innilaugar, heitra potta og gufubaða. Þar að auki er rekin heilsurækt og veitingastaður á staðnum.

Á opnunarhátíðinni á laugardaginn var boðið upp á veitingar og ýmis atriði, meðal annars frá kór og tónlistarskóla Álftaness. **- kg**

Þungavigtarfólk frá Ameríku:

# Hollywood horfir til Íslands

**FÓLK** Sex af fremstu tökustaðastjórum Hollywood verja næstu dögum í að skoða landið í fylgd íslenskra framleiðslufyrirtækja.



EINAR TÓMASSON

Film in Iceland hefur veg og vanda af komu þessara manna sem hægt væri að kalla „augu Hollywood“. Einar Tómasson kvikmyndafulltrúi Film in Iceland, segir heimsóknina eitt umfangsmesta markaðssetningarverkefni sem fyrirtækið hafi ráðist í.

Tökustaðastjórar, eða Location Managers, eru ákaflega mikilvægir við gerð kvikmyndar en þeirra hlutverk er að finna bestu hugsanlegu tökustaðina fyrir draumaborgina. Skoðað verður nágrenni höfuðborgarinnar og nágrenni Hornafjarðar.

**- fgg /** **sjá síðu 22**









**SPURNING DAGSINS**



*Steinþór, þurfið þið ekki að halda vel á spilunum?*

„Jú, annars er þetta auðvitað búið spil. En við spyrjum að leikslokum.“

Spurt að leikslokum, nýtt spurningaspil sem kemur út á næstu vikum, er ekki borðspil og án tenings og því hægt að spila það hvar sem er. Steinþór Steingrímsson er annar höfunda spilsins.

Fyrrverandi stjórnendur Kaupþings tala ekki en Ólafur Ólafsson staðfestir húsleit:

# Kveðst saklaus í Kaupþingsbréfamáli

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er þess fullviss að vönduð rannsókn muni leiða í ljós algert sakleysi mitt af þeim ávirðingum sem á mig hafa verið bornar í fjölmiðlum,“ segir í yfirlýsingu Ólafs Ólafssonar sem sérstakur saksóknari hefur grunaðan um misferli í tengslum við sölu hlutabréfa í Kaupþingi til Katarbúans Al-Thani.

Ólafur, sem var einn stærsti hluthafi Kaupþings og persónulega kunnugur Al-Thani, hefur ekki látið ná í sig frá því Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, lét í síðustu vikur gera húsleit víðs vegar vegna gruns um markaðsmisnotkun og auðgunarbrot í sambandi við sölu Kaupþingsbréfanna til Al-Thani í september í fyrra. Ekki hefur heldur náðst í fyrrverandi aðalstjórnendur Kaupþings, þá Sigurð Einarsson stjórnarformann og Hreiðar Má Sigurðsson forstjóra.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON** Grunaður um lögbrot vegna sölu á 25 milljarða hlut í Kaupþingi til sjeiks frá Katar en kveðst saklaus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í stuttri yfirlýsingu Ólafs vísar hann til yfirlýsingar sérstaks saksóknara um rannsóknina og umfjöllun fjölmiðla um hana. „Ég vil í því sambandi staðfesta að rannsóknaraðilar hafa lagt hald á tölvugögn sem voru í húsakynnum í minni eigu á Íslandi,“ segir Ólafur í yfirlýsingu sinni. Þess má geta að samkvæmt fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld var meðal annars leitað í frístundahúsi Ólafs í Borgarfirði.

Ekki náðist í sérstakan saksóknara í gær til að fá fréttir af árangri húsleitanna og framgangi rannsóknar hans. **- gar**

Skoðun ríksskattstjóra lokið:

# Grunar þrjátíu um kortasvik

**SKATTAMÁL** Ríkisskattstjóri hefur sent skattrannsóknarstjóra þrjátíu mál þar sem grunur leikur á að Íslendingar hafi notað erlend greiðslukort hérlendis og komið sér þannig undan því að greiða lögbundinn skatt. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Þar sagði enn fremur að athugun ríkisskattstjóra á um sextíu málum af þessum toga væri lokið.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu fékk ríkisskattstjóri aðgang að gögnum um notkun þessara greiðslukorta með dómi Hæstaréttar í fyrra. **- gar**

# Svínaflensan verður verri með haustinu

**Grunur leikur á um sex tilfelli svínaflensu hérlendis. Enginn er alvarlega veikur. Litið er á flensuna eins og annan inflúensufaraldur. Fólk heldur sig heima eftir meðferð. Verði flensan hættulegri kemur samkomubann til greina.**

**HEILBRIGÐI** Grunur leikur á um sex tilfelli svínaflensu hér á landi. Eitt tilfelli hefur verið staðfest. Sá smitaði er karlmaður sem kom frá New York fyrir rúmri viku. Gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsókna á hinum sýnunum liggi fyrir í dag. Öll hin sýktu tilheyra fjölskyldu mannsins sem greindist. Enginn er alvarlega veikur. Smitið greindist á höfuðborgarsvæðinu en tengsl eru við Suðurlandið og víðar.



**HARALDUR BRIEM**

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir segir þann sem greinst hefur vera á batavegi.

„Hann hefur verið heima hjá sér síðan hann greindist,“ segir Haraldur. Enginn þeirra sem grunaður er um smit sé á spítala eða í einangrun. Allir séu í heimahúsum.

„Við lítum á svínaflensufaraldur eins og annan inflúensufaraldur. Fólk fær meðferð og heldur sig heima,“ segir Haraldur. Hann mælir með að fólk sem sé að koma frá Bandaríkjunum og Mexíkó leiti læknis. Telur hann þó að fólkið sem hafi verið með manninum í flugvél hafi ekki getað veikst þar sem hann varð ekki veikur fyrr en tveimur sólarhringum eftir flug.

Áfram er í gildi hættustig hér á landi samkvæmt viðbragðsáætlun um inflúensufaraldur. Ekki er talin ástæða til að fara á neyðarstig þrátt fyrir að staðfest hafi verið að svínaflensan sé komin til Íslands, enda eru veikindin væg.



**SÓTTVARIN Á LOS ANGELES-FLUGVELLI** Sóttvarnalæknir segir Íslendinginn sem er smitaður af svínaflensu á batavegi og hann haldi sig heimavið. NORDICPHOTOS/AFP

Sóttvarnalæknir segir embætti ríkislögreglustjóra vinna með embætti sóttvarnalæknis til þess að ræða ráðstafanir verði flensan hættulegri og útbreiddari.

„Það yrðu þá ráðstafanir eins og að loka landinu og krefjast þess að fólk færi ekki út úr húsi. Einnig væri þá inni í myndinni samkomubann. Þetta væri þó aðeins ef ýtrustu aðstæður væru fyrir hendi. Jafnvel þótt við færum á neyðarstig þá færum við ekki að grípa til umfangsmikilla aðgerða nema nauðsyn væri,“ segir Haraldur.

Svínaflensunni svipar til spænsku veikinnar 1918 og verður því verri með haustinu. Árið 1918 kom upp inflúensufaraldur í mars sem barst um heiminn frá Bandaríkjunum. Í júní fékk hún heitið júníflensan en þótti ekki mjög alvarleg þá og var mjög væg. Um haustið kom hún í annarri bylgju og var þá skæðari, alvarlegri sjúkdómstilfelli og há dánartíðni.

**vidirp@frettabladid.is**

Kannabis í miðborginni:

# 150 plöntur í 101 Reykjavík

**LÖGREGLUMÁL** Kannabisræktun var stöðvuð í íbúð í miðbæ Reykjavíkur um miðjan dag á föstudag. Við húsleit fundust um 150 kannabisplöntur. Helmingur þeirra var á lokastigi ræktunar.

Karlmenn á fertugsaldri játuðu aðild að málinu. Mennirnir hafa áður komið við sögu lögreglu. Telur lögreglan málið upplýst.

Málið er liður í sameiginlegum aðgerðum lögreglunnar til að hamla sölu og dreifingu fíkniefna. Margar verksmiðjur hafa verið upprættar á undanförnum mánuðum. **- vsp**

Lögreglan í Reykjavík:

# Lýst eftir pilti

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan lýsir eftir Jóni Helga Lindusyni. Talið er að Jón Helgi haldi sig á höfuðborgarsvæðinu. Jón er fæddur árið 1993, er um 175 sentimetrar á hæð, grannvaxinn og dökkhærður. Jón Helgi strauk af meðferðarheimili.**



**JÓN HELGI LINDUSON**

**Lögreglan biður alla þá sem geta veitt upplýsingar um ferðir Jóns Helga Lindusonar eða dvalarstað hans að láta vita í síma 444 1104.**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Seinheppinn þjófur

Bíl var stolið við heimahús í Klettaborg á Akureyri á föstudagskvöld. Svo óheppilega vildi til að þjófurinn velti bílnum í götunni, skarst eilítið en slapp annars nokkuð vel. Hann er grunaður um ölvunarakstur.

Katrín Jakobsdóttir:

# Ekki farið gegn vilja kennara

**MENNTUN „Það verður ekki farið fram gegn vilja kennara í þessum efnum. Það er mikilvægt að allar svona aðgerðir séu ákveðnar í góðri sátt og við munum ræða málin á þeim nótum,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Katrín fundar í dag með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um hugmyndir þeirra um tímabundna fækkun lögbundinna skóladaga grunnskólanemenda.**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

**Katrín fundaði á laugardag með fulltrúum kennara um þessi mál, en Kennarasamband Íslands hefur lagst eindregið gegn hugmyndum SÍS.** **- kg**

Forstjóri Ríkiskaupa:

# Tjáir sig ekki um ávirðingar

**STJÓRNSÝSLA** Forstjóri Ríkiskaupa, Júlíus S. Ólafsson, vill ekki svara ávirðingum Kjartans Arnar Sigurðssonar, forstjóra Office 1, á hendur stofnuninni. Í harðorðri grein í Fréttablaðinu á laugardag brigslar Kjartan Ríkiskaupum um að hygla nýjum félögum í eigu ríkisbankanna á kostnað einkaframtaksins. Tilefnið var yfirfærsla rammasamnings sem Penninn og A4 höfðu við Ríkiskaup til nýrra félaga í eigu bankanna.

„Það er búið að kæra þetta til kærunefndar útboðsmála og á meðan þetta er þar sé ég enga ástæðu til að tjá mig um þetta,“ segir Júlíus sem vill ekki heldur ræða þessi mál í víðara samhengi. **- gar**




FRAMTÍÐAR AUÐUR
SÉREIGN

Stattu vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn

Opinn kynningarfundur

Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð
Mánudaginn 25. maí kl. 17:15

Allir velkomnir

AUÐUR CAPITAL

585-6500 | audur.is


Geimferjan Atlantis lenti í Kaliforníu í gær vegna veðurofsa í Flórída:

# Skemmtilegt frá upphafi til enda

**SAMGÖNGUR** Geimferjan Atlantis lenti í Kaliforníu síðdegis í gær, um klukkan fjögur. Upphaflega átti hún að lenda á Kennedy-geimstöðinni í Flórída á laugardag en hætt var við það. Vegna stormviðris í Flórída þegar geimferjan átti að lenda í gær var henni beint til Kaliforníu.

Atlantis var send út í geiminn til að laga Hubble-sjónaukann sem hafði bilað. Sjónaukinn er eitt mikilvægasta tækið sem notað er af NASA til geimrannsókna. Sjö geimfarar tóku þátt í verkefninu. Heppnaðist verkefnið vonum framar.

Vélmennahandleggur Atlantis tók Hubble til sín svo geimfararnir gætu gert við hann. Eftir fimm geimgöngur á sjónaukanum náðu geimfararnir að koma fyrir nýjum tækjum og skipta um rafhlöður og mælingatæki.



**ATLANTIS** Sjö geimfarar voru sendir út í geim til að laga Hubble-sjónaukann. Viðgerðin gekk vel. NORDICPHOTOS/AFP

Það eina sem misheppnaðist í ferðinni var að gera við aðalmyndavél sjónaukans sem bilaði vegna rafmagnstruflana. Sjónaukanum var síðan sleppt til baka frá Atlantis síðastliðinn þriðjudag. Áhöfn Atlantis sagði að ferðin hefði verið mjög skemmtileg frá upphafi til enda. **- vsp**



# Sjálfstæðisflokkurinn 80 ára

Í dag eru 80 ár frá stofnun Sjálfstæðisflokkinn. Allar götur síðan hefur Sjálfstæðisflokkurinn staðið vörð um hagsmuni Íslendinga á grundvelli einstaklings- og atvinnufrelsis.

Í tilefni af afmælinu ætla sjálfstæðismenn að taka duglega til hendinni í þágu umhverfisins á 80 stöðum á landinu í sumar. Nánar verður sagt frá einstökum verkefnum á heimasíðu flokksins, xd.is.

„Að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis, með hagsmuni allra stétta fyrir augum“

Úr stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins sem birtist í Morgunblaðinu 25. maí 1929.



**Opið hús í dag**
Um leið og við þökkum öllum þeim um land allt sem lögðu hönd á plóginn í nýafstöðnum kosningum fyrir stuðninginn, viljum við bjóða öllum í opið hús í Valhöll í dag kl. 15–18.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## GENGIÐ 22.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,47 | 127,07 |
| Sterlingspund | 200,59 | 201,57 |
| Evra | 176,63 | 177,61 |
| Dönsk króna | 23,721 | 23,859 |
| Norsk króna | 19,814 | 19,930 |
| Sænsk króna | 16,858 | 16,956 |
| Japanskt jen | 1,3442 | 1,3520 |
| SDR | 195,12 | 196,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,0312

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samkeppniseftirlitið sótti gögn hjá hótelkeðjum sem grunaðar eru um samráð:

# Ekkert hótelfyrirtæki boðið samstarf

**DÓMSMÁL** „Allar athuganir okkar af þessu tagi eru reistar á grun um brot á samkeppnislögum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sem á miðvikudag í síðustu viku aflaði gagna með húsleitarheimild á skrifstofum þriggja hótelrekanda.

Hótelfyrirtækin sem um ræðir eru Flugleiðahótelin, Grand Hótel og Hótel Saga. Grunur leikur á um að þau hafi brotið tíundu grein samkeppnislaga sem bannar samráð. Aðspurður segir Páll að ekkert fyrirtækjanna hafi gengið til samstarfs við Samkeppniseftirlitið til að upplýsa málið. Eins og



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

kunnugt er fá fyrirtæki sem það gera lægri sektir fyrir slíka samvinnu. Búast má við háum sektum komi á daginn að hótelin hafi haft með sér ólöglegt samráð. Hámarkssekt er tíu prósent af veltu brotlegs fyrirtækis.

Páll segir gagnaöflunina nú gerða í framhaldi og vera lið í stærri athugun sem snýr að ferðaþjónustunni. „Upphaflega athugunin hófst árið 2007 með húsleit hjá Samtökum aðila í ferðaþjónustunni, sem flest svið ferðaþjónustunnar eiga aðild að. Þá var jafnframt aflað gagna hjá ferðaskrifstofum,“ segir Páll sem kveður heildarathugunina vel á veg komna.

„Nú verður unnið úr þessum nýju gögnum. Athuguninni verður vonandi lokið sem fyrst en það er ekki hægt að tímasetja það.

Meðal þeirra hótela sem heyra undir ofangreind fyrirtæki eru Icelandair-hótelin, Eddu hótelin og Fosshótel og Hilton Reykjavik Nordica, Hótel Saga og Hótel Ísland. **- gar**

Rannsókn á kynferðisbroti:

# Rekinn af meðferðarheimilinu

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmanni á meðferðarheimli fyrir unglinga á Norðurlandi, sem kærður hefur verið fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn þremur stúlkum, hefur verið sagt upp störfum. Þetta staðfesti Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, í samtali við Vísi.is í gær.

Stúlkurnar þrjár voru vistmenn á heimilinu sem maðurinn starfaði á. Honum var vikið tímabundið úr starfi fyrir rúmlega ári vegna rannsóknar á brotum af svipuðum toga. Sú kæra var felld niður. Maðurinn var færður til í starfi en ráðinn aftur til meðferðarheimilisins. **- kg**



**Á NORÐFIRÐI** Sátt næst ekki með fyrningarleið segir bæjarráð Fjarðabyggðar.

Bæjarráð Fjarðabyggðar:

# Fyrningarleið ógnar búsetu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Áform stjórnvalda um fyrningarleið valda óvissu um starfsgrundvöll sjávarútvegsins til framtíðar og leggst bæjarráð Fjarðabyggðar því eindregið gegn þeim,“ segir í ályktun bæjarráðs Fjarðabyggðar sem segir það vera hlutverk stjórnvalda að hlúa að starfsumhverfi sjávarútvegs og sníða annmarka af fiskveiðistjórnunarkerfinu.

„Sátt verður ekki náð með umbyltingu eins og þeirri sem boðuð er með fyrningarleið,“ segir bæjarráðið og varar við aðgerðum sem „veikt geta starfsgrundvöll sjávarútvegsins og stefnt búsetu í óvissu.“ **- gar**

Nói Síríus hafnar fullyrðingu:

# Ekki breyst í heila öld

**MATUR Sælgætisframleiðandinn Nói Síríus hafnar alfarið þeirri fullyrðingu Sverris Guðjónssonar söngvara, sem fram kom í Rökstólum Fréttablaðsins á laugardag, að Síríus Konsúm-súkkulaði hafi breyst úr því að vera gæðasúkkulaði í dýrafitubökunarsúkkulaði.**

**Í tilkynningu frá Nóa Síríus segir að Síríus Konsúm-súkkulaðið hafi ekkert breyst í nærri heila öld. Nói Síríus hafi aldrei notað dýrafitu í sínar framleiðsluvörur. Konsúm-súkkulaðið sé helsta stolt Nóa Síríus og aldrei kæmi til greina af hálfu fyrirtækisins að gera tilraunir með samsetningu þess.** **- kg**

# Arðsemismat stendur þótt aðstæður breytist

**Arðsemismati Kárahnjúkavirkjunar verður ekki breytt þrátt fyrir breyttar forsendur. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur segir nauðsynlegt að meta framkvæmdina í heild og telur hana hafa farið langt fram úr áætlunum.**

**VIRKJANIR** Arðsemismat eigin fjár vegna Kárahnjúkavirkjunar verður ekki endurskoðað þrátt fyrir að forsendur hafi breyst gríðarlega undanfarið með lækkandi álverði. Matinu var breytt í janúar í fyrra þar sem álverð hafði hækkað umtalsvert. Í desember sagði Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, í samtali við Fréttablaðið ekki ólíklegt að matið yrði endurskoðað. Það verður ekki.

„Við ákváðum að gera ekkert sérstakt í þessu. Arðsemismatið var til að taka ákvarðanir um fjárfestingar, en nú erum við að reka mannvirkið,“ segir Þorsteinn. Hann segir ársreikninga rétta tækið til að leggja mat á reksturinn. Einn besti mælikvarði sem þar sjáist sé handbært fé frá rekstri og á síðastliðnu ári hafi fyrirtækið skilað tæplega 185 milljónum dollara til að greiða niður skuldir.

Í febrúar fór álverð í um 1.260 dollara og hafði ekki verið lægra síðan árið 2002. Það hækkaði í um 1.500 dollara í mars, en hefur tekið dýfu síðustu daga. Í endurskoðuðu arðsemismati Landsvirkjunar í janúar 2008 var gert ráð fyrir að álverð væri nú í 2.600 krónum á tonnið. Þar segir: „Álverð og langtímaþróun þess er ein mikilvægasta forsendan í arðsemismatinu.“

Þorsteinn segir lágt álverð vissulega koma fyrirtækinu illa og það þýði lægri tekjur. Á móti komi þó lægri vaxtagjöld. Hann segir áætlanir hafa gert ráð fyrir að álverð sveiflaðist og samningarnir við Alcoa væru til 40 ára. Í



**STÍFLAN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Þrátt fyrir gjörbreyttar forsendur með lækkandi álverði verður arðsemismati eigin fjár ekki breytt við virkjunina. Hagfræðingur segir það þó nauðsynlegt til að meta framkvæmdina í heild sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SIGURÐUR JÓHANNESSON



ÞORSTEINN HILMARSSON

umræddu endurskoðuðu mati sést hins vegar að gert er ráð fyrir að álverð hækki allt til ársins 2021, að minnsta kosti, verði þá yfir 3.000 dollurum á tonnið.

Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur við Hagfræðistofnun Íslands, segir að samkvæmt matinu frá í janúar 2008, hafi verið gert ráð fyrir um 10 milljarða króna arði af framkvæmdinni. Ljóst sé að þær forsendur hafi breyst. Án endurskoðaðs arðsemismats sé ekki hægt að leggja mat á framkvæmdina.

Sigurður segir að í í skýrslu eigendanefndar um áramót 2003, hafi kostnaður við virkjun verið metinn á 95 milljarða króna, eða rúman milljarð Bandaríkjadala á genginu 87,5. Í skýrslu iðnaðarráðherra í fyrra hafi kostnaður verið metinn 133 milljarðar króna og miðað við gengið 69. Það þýði kostnað í dollurum upp á 1.930 milljónir. Kostnaðaráætlunin hafi því farið langt fram úr áætlun í dollurum.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**VELUPILLAI PRABHAKARAN** Myndin er af fyrrverandi leiðtoga Tamíltígra að flytja ávarp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tígrar játa dauða leiðtoga:

# Vika í sorg hjá Tamíltígrum

**SRI LANKA Uppreisnarher Tamíltígra viðurkenndi í gær að leiðtogi þeirra, Velupillai Prabhakaran, væri látinn. Í tilkynningu frá þeim kemur fram að nú syrgi uppreisnarherinn leiðtoga sinn í viku. Eftir það munu þeir beita ofbeldislausum leiðum til að ná fram rétti Tamíltígra.**

**Stjórnarher Srí Lanka sýndi myndir í síðustu viku af líki Prabhakarans. Tamíltígrar neituðu hins vegar að viðurkenna dauða hans fyrr en í gær.** **- vsp**

22 innbrot um helgina:

# Flatskjá stolið í Gerðubergi

**LÖGREGLAN** Innbrotstilfelli voru 22 um helgina hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Brotist var inn í bíla, fyrirtæki og heimahús. Ekki var um nein stórinnbrot að ræða. Mikið hefur verið um innbrot á höfuðborgarsvæðinu undanfarið.

Meðal annars var brotist inn í menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og flatskjá stolið aðfaranótt laugardags um klukkan þrjú. Einnig var brotist inn í Aktu taktu í Garðabæ, í fyrirtæki á Krókhálsi og í heimahús í Miðhrauni, Hafnarfirði. **- vsp**




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**KÓLNAR HELDUR**
Ný vinnuvika heilsar með vætu í flestum landshlutum en síðan dregur heldur úr úrkomunni þó vænta megi einhverrar vætu á hverjum degi. Það kólnar lítillega en hlýnar er líður að næstu helgi. Vindur verður fremur hægur næstu daga.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Bassel | 33° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 19° |
| Eindhoven | 25° |
| Frankfurt | 32° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 24° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 21° |
| París | 27° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# 3G netlykill og áskrift fyrir 0 kr. í allt sumar

## Vertu úti í sólinni í háhraðanetsambandi hvar og hvenær sem er á 3G svæði Símans.

Með því að gera 6 mánaða samning við Símann færðu 3G netlykil ásamt áskriftarleið að eigin vali fyrir 0 kr. til 1. september 2009.

Eftir það greiðir þú áskriftargjald samkvæmt verðskrá.

Komdu við í næstu verslun Símans og náðu þér í 3G netlykil fyrir sumarið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38031

## KJÖRKASSINN



*Er nægt eftirlit með að reglum um gjaldeyri sé fylgt?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,5% |
| Nei | 77,5% |

**SPURNINGS DAGSINS Í DAG**

*Hygla stjórnvöld fyrirtækjum í eigu ríkisbankanna?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Magnús Magnússon gefur færeysku þjóðinni sextíu heimildarmyndir og þætti:

# Gaf Færeyingum ævistarfið

**MENNTUN** „Það var bara mjög góð tilfinning að sjá á eftir þessu til þeirra,“ segir Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður, sem gaf færeysku þjóðinni nær allt ævistarf sitt; það eru sextíu heimildarmyndir og þættir.

Þeirra á meðal er myndin „Í ríki fálkans“ sem var frumsýnd 3. maí síðastliðinn. „Ég var löngu búinn að ákveða að gefa þeim þetta. Svo þegar þeir stóðu með okkur í hremmingunum meðan aðrir litu undan varð ég ákveðinn í að nú þyrfti ég að láta verða af þessu. Svo hringdi ég í menntamálaráðherra þeirra og hún sagði bara já, takk.“



**MAGNÚS MAGNÚSSON**

Efnið verður textað og svo sýnt í sjónvarpi. Þá nýtir Námsgagnastofnun efnið. Einnig verður það til sýnis á bókasöfnum, sjúkrahúsum og víðar.

Magnús fór með myndirnar í síðustu viku og notaði ferðina til að taka myndir af fuglum fyrir myndavef sem Námsgagnastofnunin hér lætur gera. Færeyingar hafa nú fest kaup á þessum vef. „Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem námsgögn eru flutt út frá Íslandi,“ segir hann. Magnús á allar hreyfimyndirnar á vefnum og margar ljósmyndir en annars á Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur mestan heiðurinn að vefnum. **- jse**



**ÚR RÍKI FÁLKANS** Mynd úr heimildarmyndinn „Í ríki fálkans“.

Forseti Suður-Kóreu:

# Tók við mútum og svipti sig lífi

**SUÐUR-KÓREA** Suður-kóreska þjóðin varð fyrir áfalli á laugardaginn þegar í ljós kom að fyrrverandi forseti landsins, Roh Moo-hyun hefði framið sjálfsmorð.

Lík Rohs fannst við klettasyllu og í kjölfarið fannst sjálfsmorðsbréf þar sem hann bað fjölskyldu sína um að syrgja sig ekki.

Forsetinn fyrrverandi hafði verið kærður fyrir að taka við mútum upp á sex milljónir dollara, eða um 700 milljónir króna, meðan hann var forseti árin 2003 til 2008. Hann viðurkenndi aldrei verknaðinn en hafði beðist afsökunar. Núverandi forseti landsins sagðist harma atburðinn. **- vsp**






# Upplýst umræða um ESB-aðild lykilatriði

**Að fram fari upplýst, vönduð umræða um það sem felast muni í fullri aðild að Evrópusambandinu áður en haldin er þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamning er að sögn Grahams Avery algjört lykilatriði í aðildarundirbúningnum.**

**EVRÓPUMÁL** Að fram fari upplýst opinber umræða um það sem felst í fullri aðild að Evrópusambandinu er einhver mikilvægasta forsendan fyrir inngöngu nýrrar aðildarþjóðar í sambandið. Þetta segir Graham Avery, sem starfaði um áratugaskeið í framkvæmdastjórn ESB og kom sem háttsettur fulltrúi hennar að aðildarsamningum margra ríkja, en hann er nú heiðursfélagi St.Antony's College við Oxfordháskóla og ráðgjafi rannsókna- og ráðgjafarstofnunarinnar European Policy Centre í Brussel.

Avery hélt á dögunum erindi á málþingi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, þar sem hann fjallaði um „hverju búast megi við af Brussel“ í aðildarviðræðum við ESB. Í erindinu lýsti hann aðildarviðræðuferlinu og lagði sitt mat á það hvernig sjá má fyrir sér að slíkar viðræður færu fram við Ísland.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Avery þess fullviss að unnt sé að gera góðan aðildarsamning sem tryggja myndi bæði hagsmuni Íslendinga og Evrópusambandsins í heild, að því gefnu að samningsviljinn sé jafnmikill hjá báðum aðilum.

Avery segir þetta einnig eiga við um sjávarútvegsmál. Þar aðskilur hann annars vegar langtíma-meginmarkmið sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, og hins vegar það hvernig þeim markmiðum skuli náð í framkvæmd. Eins og meginmarkmið stefnunnar séu skilgreind eigi hann bágt með að sjá að fiskveiðiþjóðin Íslendingar geti ekki skrifað upp á þau. Framkvæmd stefnunnar sé annað, og „í Brussel“ sé viðurkennt að hún þurfi nú endurskoðunar við, meira en nokkru sinni fyrr. „Við þá endurskoðun gætu Íslendingar lagt mikilvægan skerf af mörkum,“ segir Avery.



**HVERS ER AÐ VÆNTA AF „BRUSSEL“?** Höfuðstöðvar framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs Evrópusambandsins í „Evrópuhverfinu“ í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP



**GRAHAM AVERY**

Þar sem til stendur að bera væntanlegan aðildarsamning undir þjóðaratkvæði hérlendis segir Avery að það hvernig staðið er að hinni opinberu umræðu um samningsskuldbindingarnar sé algjört lykilatriði. Avery bendir á hve mörg dæmi eru um það frá öðrum löndum, þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið haldnar um Evrópusambandsmál, að í þeim hljómi hæst raddir sem útbreiði afbakanir á því sem í raun sé verið að kjósa um eða tengja það alls ótengdum málum. Þetta hafi til að mynda verið tilfellið þegar Írar kusu um fullgildingu Lissabonsáttmálans í fyrrasumar. Þetta þurfi Íslendingar að varast með því að auðvelda aðgengi almennings að traustum upplýsingum og vanda hina opinberu umræðu. **audunn@frettabladid.is**

Stúdentaráð HÍ telur hrikalegt að um 2.300 fái ekki vinnu hjá borginni í sumar:

# Kalla eftir frekari aðgerðum

**ATVINNUMÁL** „Okkur finnst þetta hrikalegt,“ segir Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands, aðspurður um viðbrögð við frétt blaðsins í gær um að um 2.300 manns fái ekki vinnu hjá Reykjavíkurborg næsta sumar. Stærsti hlutinn er framhalds- og háskólanemar.

„Við erum hins vegar komin með sumarnám við Háskólann sem við börðumst fyrir fyrr í vetur, til að sporna gegn þessu. Við köllum nú eftir frekari aðgerðum frá ríkinu og sérstaklega sveitarfélögunum til að tryggja atvinnu,“ segir Jóhann.

Félagsstofnun stúdenta rekur Atvinnumiðlun stúdenta sem auglýsir laus störf í boði. Jóhann segir að eins og með annað vanti þá stofnun fjármagn.

Hafsteinn Gunnar Hauksson, fráfarandi formaður Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands, segir þetta koma sér illa fyrir þau ungmenni sem hafi ekki fengið vinnu annars staðar og treysti á Reykjavíkurborg um atvinnu.



**HÁSKÓLANEMAR** Atvinnuhorfur nema eru ekki bjartar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég finn fyrir því í kringum mig að félagar manns sem hafa getað treyst á þessa vinnu [hjá Reykjavíkurborg] undanfarin ár geta ekki treyst á þetta núna og standa jafnvel uppi atvinnulausir,“ segir Hafsteinn. **- vsp**

# BÍLABYLTING

## LÆKKUM VERÐ NIÐUR ÚR ÖLLU VALDI

## Á NÝJUM EFTIRÁRSBÍLUM

**ATHUGIÐ!**
Um er að ræða fleiri gerðir bíla en birtast í þessari auglýsingu, elstu bílana á lager og þeir eru allir seldir með fullri ábyrgð. Tækifærið stendur aðeins til boða handa þeim sem bregðast skjótt við og ná sér í eintak meðan að birgðir endast.






**Hyundai i10**
*Verð nú:* **1.390.000**
*5 bílar á þessu verði*

**Hyundai i30** *1.6l, sjálfsk.*
*Verð nú:* **2.190.000**
*5 bílar á þessu verði*

**Subaru Impreza** *4x4, 1.5, beinsk.*
*Verð frá:* **1.990.000**
*10 bílar á þessu verði*

**Subaru Legacy** *4x4, sjálfsk.*
*Verð frá:* **2.590.000**
*12 bílar á þessu verði*

B&L og IH áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. Búnaður á mynd endurspeglar ekki verðlistaverð.

**KOMDU VIÐ NÚNA Á SÆVARHÖFÐA 2**
**EÐA HRINGDU Í SÍMA 525 8000 / 575 1200**
**BIFREIÐAUMBOÐIN IH OG B&L**

B&L
IH
INGVAR HELGASON

WWW.IH.IS - WWW.BL.IS

**BIFREIÐAUMBOÐIN IH OG B&L - SÆVARHÖFÐA 2**




Kaupþing býður til fræðslufundar um lífeyrissparnað, fimmtudaginn 28. maí í Borgartúni 19, klukkan 17:30.

Fræðsla á mannamáli. Gott tækifæri til að öðlast betri skilning á lífeyrismálum. Fróðleikur og veitingar.

Gert er ráð fyrir að fundurinn standi í klukkutíma.

Allir velkomnir.
Skráðu þig á **www.kaupthing.is**
eða hafðu samband við Ráðgjöf
Kaupþings í síma **444 7000.**

KAUPÞING


Regnhlífarsamtök almannaheillafélaga:

# Nýtt nafn samþykkt

**FÉLÖG** Almannaheill, samtök þriðja geirans, er nýtt nafn á regnhlífarsamtökum almannaheillasamtaka, sem samþykkt var á aðalfundi samtakanna 19. maí síðastliðinn. Þau hétu áður Samtökin almannaheill.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra ávarpaði fundinn og ítrekaði ásetning ríkisstjórnarinnar um samráð áður en gerðar yrðu breytingar á almannaþjónustu.

Samtals eiga nú nítján samtök aðild að Almannaheillum. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og einbeita sér að því að vinna að endurskoðun á lögum um félagasamtök og efla ímynd þeirra meðal almennings.



**ALMANNAHEILL** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra ávarpaði aðalfund samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Almannaheill eiga nú aðild að nefnd sem félagsmálaráðherra hefur sett á laggirnar um heildarendurskoðun á lögum um félagasamtök.

Formaður stjórnar Almannaheilla er Guðrún Agnarsdóttir. **- kg**

# Norskir styðja trúbræður hér

**Norskir hvítasunnumenn styrkja trúbræður sína á Íslandi. Þeir hafa safnað peningum í allan vetur og sent nokkrar milljónir króna til Íslands.**

**NOREGUR** Norskir hvítasunnumenn aðstoða íslenska hvítasunnumenn með fjárstuðningi. Norðmennirnir hafa safnað um 250 þúsund norskum krónum frá því fyrir jól og sent jafnvirði þriggja milljóna íslenskra króna til Hvítasunnusafnaðarins Fíladelfíu í vetur og vor til að styrkja söfnuðinn og íslenskar fjölskyldur sem þurfa á aðstoð að halda í kreppunni.

Hvítasunnuhreyfingin hefur átt við fjárhagserfiðleika að etja eftir bankahrunið, meðal annars vegna myntkörfuláns sem upprunalega var 10 milljónir króna, og hefur þurft að skera niður í rekstri áður en stefndi í óefni. Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins, segir að reksturinn hafi verið mánaðarlega í mínus upp á 800 þúsund krónur og því hafi verið farið í endurskipulagningu.

Liður í endurskipulagningu og niðurskurði Hvítasunnusafnaðarins er að þremur starfsmönnum hafi verið sagt upp en Vörður segir að þeir hafi samþykkt að starfa áfram launalaust. Til umræðu hafi verið að segja upp fleirum en horfið hafi verið frá því. Laun starfsmanna séu á bilinu 200-300 þúsund á mánuði og sé hann sjálfur launahæstur með 300 þúsund.

Velta safnaðarins nemur 30 milljónum á ári en tekjur af árlegum jólatónleikum renna beint í hjálparstarf.

„Um leið og við skerum niður í starfseminni sækir fólk um aðstoð til okkar. Við þyrftum að eiga nóg að gefa,“ segir hann.

Hvítasunnusöfnuðurinn hefur notað norska féð í að rétta af reksturinn, til að halda úti súpueldhúsinu á vegum Samhjálpar og svo til að styðja þurfandi með gjafakortum fyrir mat. Meira en eitt hundrað fjölskyldur hafa fengið gjafakort upp á 10-20 þúsund krónur en samkvæmt reglunum má hver fjölskylda aðeins fá fjögur kort á ári svo takist að hjálpa sem flestum.



**STARFA ÁFRAM LAUNALAUST** Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins, segir að þrír menn starfi áfram launalaust hjá Hvítasunnusöfnuðinum.

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, segir að Krossinn finni fyrir kreppunni eins og venjulegar fjölskyldur. „Við þurfum að taka vel á um mánaðamót til að ná endum saman og stundum beita töluverðu afli. Við erum búin að skera niður allt sem hægt er en tekjur standa í stað eða minnka,“ segir hann.

Högni Valsson, forstöðumaður Vegarins, segir að þegar laun fólks lækki þá minnki tekjur safnaðarins. Vegurinn hafi dregið saman í kostnaði til að mæta minnkandi tekjum en ekki hafi þurft að grípa til uppsagna.

ghs@frettabladid.is


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




LYFJA
– Lifið heil




15%
verðlækkun+
LAMISIL ONCE




15% verðlækkun+
NICOTINELL Mintutyggjó

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út maí 2009

# BÍLABYLTING

## LÆKKUM VERÐ NIÐUR ÚR ÖLLU VALDI

## Á NÝJUM EFTIRÁRSBÍLUM

**ATHUGIÐ!**
Um er að ræða fleiri gerðir bíla en birtast í þessari auglýsingu, elstu bílana á lager og þeir eru allir seldir með fullri ábyrgð. Tækifærið stendur aðeins til boða handa þeim sem bregðast skjótt við og ná sér í eintak meðan að birgðir endast.

***NISSAN NOTE VISIA*** *sjálfsk.*
*Verð nú:* **1.890.000**
*10 bílar á þessu verði*






*16 bílar á þessu verði*

***Renault Kangoo***
*Verð nú:* **1.650.000**
*10 bílar á þessu verði*





***Isuzu D-Max*** *sjálfsk.*
*Verð nú:*
**2.990.000**
*18 bílar á þessu verði*

B&L og IH áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. Búnaður á mynd endurspeglar ekki verðlistaverð.

***KOMDU VIÐ NÚNA Á SÆVARHÖFÐA 2***
***EÐA HRINGDU Í SÍMA 525 8000 / 575 1200***
**BIFREIÐAUMBOÐIN IH OG B&L**

B&L

IH INGVAR HELGASON

WWW.IH.IS - WWW.BL.IS

***BIFREIÐAUMBOÐIN IH OG B&L - SÆVARHÖFÐA 2***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugarangur útgerðarmannsins:

## Harmar hlutinn sinn

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Mikill jarmur er nú í útgerðarmönnum um land allt og eru fylgispakar sveitarstjórnir á útgerðarstöðum kallaðar til í kórinn. Tilefnið eru fyrirhugaðar breytingar á lögum um kvóta og svokölluð fyrningarleið. Hafa útgerðarmenn samræmt nafngift sína um fyrningarleið sem þeir kalla „galna“ en ríflegur þingmeirihluti á löggjafarþinginu var kosinn í lýðræðislegum kosningum meðal annars út á fyrirheit um að taka til endurskoðunar lög um fiskveiðistjórnun. Sú stefna hefur lengi verið undirliggjandi í stjórnmálaumræðu hér á landi og er studd meirihlutaskoðun í viðamiklum skoðanakönnunum mörg undangengin ár, ekki einni heldur mörgum. Hefur ekkert mál á síðari hluta lýðveldistímans verið svo umdeilt og lengi lengi hafa stuðningsmenn kvótakerfisins verið í litlum minnihluta í fullum stuðningi við það. Stjórnmálamenn hafa fátt lagt til málanna um lausn á þessu ágreiningsefni. Þar til nú.

Vitaskuld eru allir þeir sem njóta kvóta nú andsnúnir öllum breytingum á kerfinu. Og innan Landssamtaka útgerðarmanna virðast allir barnir til skilyrðislausrar hlýðni við einn málstað í þessu máli þótt útgerðin sé í miklum vanda, ekki bara vegna verðs á kvóta til leigu og kaups, heldur líka vegna fjárfestinga í óskyldum greinum. Raunar ætti útgerðin að fagna endurskoðun á kerfinu, ekki bara þeir sem eru á hvínandi kúpunni, heldur líka hinir sem standa vel að vígi vegna skynsemi í rekstri sínum undanfarin ár. Meirihluti þingsins hefur enda marglýst samráðsvilja sínum í þessu viðkvæma deilumáli, því lítill má við margnum: meirihluti þjóðarinnar vill breytingar á kerfinu, vill að fiskur í sjó sé þjóðareign, en ekki bókfærð eign til allrar framtíðar í höndum örfárra einstaklinga.

Útgerðarmenn verða því að skipta um kúrs: hætta þvaðri sínu um 101-liðið og kaffidrykkju þess, hætta málþófi sem byggist á hálfsannleika og hefja merki sitt með málefnalegri og sanngjarnri umræðu í stað þess að skaka gunnfánum, láta af því að LÍÚga að gjaldþrota bú sé þjóðnýting, smátt fyrningarhlutfall á kvóta sé eignaupptaka; annað eins hefur útgerð búið við í óstöðugum afla milli ára, úreldingu og afskrift tækja, verðsveiflum og óstýrilátu gengi. Að ekki sé talað um aflabrest og aflatjón. Fyrningarleið er þó fyrirséð og hlutur kann að rata aftur til fyrirtækja sem eru vel rekin.

Í hundrað ár hefur íslenskt samfélag verið í greipum útgerðarinnar: launafólki voru skömmtuð kjör eftir því hvernig bækur þeirra stóðu. Bankar risu og hnigu eftir gengi útgerðarinnar, þorp og bæir áttu sitt undir kenjum karla á skrifstofum. Margt á útgerðin inni hjá þjóðinni eftir látlausan stuðning frá upphafi mótoraldarinnar, rétt eins og þjóðin á allt sitt undir sjósókn. Það er því mikils um vert að allir komi saman að hreinskiptinni umræðu um það þjóðþrifamál að endurskipuleggja íslenskan sjávarútveg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**EGÓ-flipp Bubba Morthens**

Hagsmunasamtök heimilanna héldu samstöðufund á Austurvelli á laugardaginn. Ágætlega var mætt og hljómsveitin EGÓ lék tónlist á milli ræðuhalda. Bubbi Morthens spurði meðal annars hvar ungliðahreyfingar vinstri flokkanna væru en eins og frægt varð fyrir síðustu kosningar vildi Bubbi ekkert með vinstri flokkana hafa. Spurning hvort þetta sé ekki bara EGÓ-flipp.



**Minn kæri Watson**

Myndir af Björgúlfi Thor Björgúlfssyni og Kristínu Ólafsdóttur spókandi sig í snekkjuveislu í Cannes vöktu afar misjákvæða athygli gesta vefmiðilsins Eyjunnar um helgina. Þar kemur fram að veislan sem hjúin sóttu hafi verið haldin til heiðurs nóbelsverðlaunahafanum Dr. Watson. Ekki kemur fram hver lak ljósmyndunum í fjölmiðla, en gárungar geta sér þess til að þar hafi helsti vinur Dr. Watsons, Sherlock Holmes, verið að verki.



**Fálkaorða til Jóhönnu**

Rætt hefur verið um að gefa Jóhönnu Guðrúnu fálkaorðu fyrir glæsilega frammistöðu í Eurovision, rétt eins og karlalandslið Íslands í handbolta fékk fálkaorðu í fyrra fyrir 2. sætið á Ólympíuleikunum. Nokkrir hafa verið ósáttir við þessa hugmynd og stofnað facebook-síðu þar sem þeirri hugmynd er mótmælt. Eitt er hins vegar víst að bridds-landslið Íslands sem lenti í 2. sæti í norrænu bikarkeppninni í bridds 2003 bíður enn eftir orðunni.

vidirp@frettabladid.is
kjartan@frettabladid.is

## Þáttaskil



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Auðmenn og dómstólar

Í vikunni urðu þáttaskil í umgengni valdhafa við íslenska peningafursta þegar gjört var heyrinkunnugt að tiltekinn fjöldi þeirra hefði fengið réttarstöðu grunaðs manns í rannsókn á svokölluðum kaupum Mohammeds Bin Khalifa Al-Thani á 25 milljarða króna hlut í Kaupþingi.

Sagan af þessum viðskiptum er með miklum ævintýrabrag, svolítið eins og Tinnabók þar sem vantað hefur að vísu sjálfan Tinna – nema hann sé nú kominn fram í sérlegum saksóknara, Ólafi Þór Haukssyni.

Nú bregður hins vegar svo við að í fyrsta sinn frá hruninu og fyrsta sinn frá skipbrotinu í Baugsmálinu koma íslensk yfirvöld fram við íslenska útrásargosa eins og vert er: sem grunaða menn um stórfellda fjárglæfra.

Í Kastljósi kom svo fram nýr yfirmaður Fjármálaeftirlitsins, Gunnar Andersen, og lét á sér skilja að vænta megi tíðinda úr rannsókn þess á fjársvikum og feluleikjum með fé á svokölluðum aflandseyjum.

Óskandi er að þetta sé fyrirboði þess að þjóðin fái langþráða tilfinningu um að lögum verði komið yfir lagabrjóta og að hún endurheimti eitthvað af þeim auðæfum sem skotið var undan.

Auðmennirnir hafa sumir hverjir fengið furðu óáreittir að láta eins og ekkert hafi í skorist í kjölfar hrunsins. Þannig gengu sögur af því að Ólafur Ólafsson, sem yfirvöld hafa nú mannað sig upp í að gera húsleit hjá, hafi verið potturinn og pannan í því gjaldeyrisbraski með íslenskan fisk sem Alþingi neyddist til að setja lög um til að reyna að stöðva og tókst þrátt fyrir hatramma andstöðu Sjálfstæðisflokksins sem alltaf má treysta til að taka afstöðu með hagsmunum braskara gegn þjóðarhagsmunum.

Það er erfitt að skilja mann sem tekur sér stöðu gegn sínu fólki til þess eins að afla sér jafn hverfulla verðmæta og svokallaðir peningar eru.

Ég velti því stundum fyrir mér hvernig þeim líður, þessum gaurum sem gleymdu sér í glópagullæðinu og geta ekki snúið aftur til jarðarinnar, vegna stolts eða kannski bara vegna þess að jarðarbúar vilja ekki sjá þá og eru þess vegna enn bara svífandi um á sínum prívathimni í dándimannaleik í villuhverfum Lundúna. Hvernig ætli það sé að vera kallaður þjóðníðingur? Bætir maður sér slíkt upp? Og þá hvernig? Með dóti? Með pening? Með plottum? Eða er þeim alveg sama? Herra auðmaður: „Hvað er auður og afl og hús / ef engin jurt vex í þinni krús?“ Veistu ekki að erfiðara er fyrir úlfalda að komast í gegnum nálarauga en þig að komast í himnaríki?

Alveg sama? Kannski. Kannski er þessum gaurum alveg sama um það þó að þjóð þeirra, ætt þeirra öll – samstúdentar, leikskólafélagar, billjardfélagar, fótboltavinir, gamlir sénsar og ekki-sénsar, gamlir kennarar, hæ-kunningjar, iðnaðarmenn í húsinu þínu, bílasalar sem þú hefur keypt af, gæðakonur sem þú seldir einu sinni merki, gamlir bændur sem þú varst í sveit hjá, gamli skátaforinginn þinn, konan sem afgreiddi þig í sjoppunni – hvað þetta er nú allt saman sem félagsnet fólks hér á landi er riðið úr; allt þetta fólk sem maður nikkar til á förnum vegi og það hugsar: „já þessi“; allt þetta fólk sem maður á tungumálið með og ótal ósagðar menningarlegar tilvísanir sem eru meðal þess sem myndar þjóð – kannski er þessum gaurum alveg sama um það þó að allt þetta fólk, allt þetta samfélag sem kallað er þjóð, hafi á þeim skömm. Kannski skiptir það þessa gaura engu máli að vera fyrirlitnir af heiðvirðu fólki.

Kannski er slík lífsfylling fólgin í því að mæta á hvítum skóm og í hvítum fötum eins og drifhvítt sakleysið holdi klætt í snekkjur hjá frægu fólki í Cannes, að orðstír og sæmd skiptir minna máli en að láta taka af sér mynd sem sýni að þú eigir heima meðal dýrðarfólks heimsins, sem þú átt ekki.

Ég veit það ekki. Eins og Bangsímon sagði: Það er ekki gott að vita hvernig býflugur hugsa.

Og þar með er þetta orðið ágætt. Ágætu lesendur: ég er að hugsa um að segja þetta gott í bili og snúa mér að öðrum skrifum. Þessi törn hefur staðið nú í næstum tvö ár og orðið tímabært að hvíla mig og lesendur á þessum skrifum eftir allt það sem gengið hefur á og maður hefur þurft að tjá sig um vikulega – jafn mikið skoðanavíðrini og ég er nú í raun og veru. Ég þakka lesendum góð viðbrögð – og slæm – og starfsmönnum blaðsins ánægjulega samvinnu.

## Svar við opnu bréfi

**UMRÆÐA**

Jóhann Már Helgason skrifar um samgöngumál stúdenta



JÓHANN MÁR HELGASSON

Vegna opins bréfs til háskólaráðs, sem birtist í Fréttablaðinu nýverið, telja fulltrúar stúdentaráðs sig knúna til að svara ítrekuðum rangfærslum og útúrsnúningum höfundar bréfsins.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hóf á dögunum rafræna undirskriftasöfnun gegn gjaldskyldum bílastæðum við Háskóla Íslands (www.petitiononline.com/herferd). Var tillagan einróma samþykkt af báðum fylkingum ráðsins enda augljóst hagsmunamál fyrir fjölda stúdenta. Gjaldskyld bílastæði munu koma sér afar illa fyrir bíleigendur, sérstaklega þá sem eiga erfitt með að ferðast með öðrum hætti, svo sem þá sem lifa við veikindi eða fötlun, fólk í námi með vinnu, barnafólk, fólk sem býr utan Reykjavíkur og ekki síður þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og ferðast langa leið á degi hverjum til að sækja nám við Háskóla Íslands. Stúdentaráði ber skylda til að standa vörð um réttindi þessa fólks, líkt og annarra stúdenta við Háskóla Íslands.

Greinarhöfundur sakaði forsvarsmenn stúdentaráðs um rangfærslur í undirskriftasöfnun sinni, og sagði rangt vera að allur ágóði gjaldskyldunnar myndi renna til bílastæðasjóðs. Einnig rengir greinarhöfundur að heimildir þessar hafi komið frá Ingjaldi Hannibalssyni á fundi hans með fulltrúum ráðsins. Í viðtali sem birtist á student.is stuttu eftir umræddan fund segir Ingjaldur orðrétt: „Þessi aðgerð er ekki gerð til að afla háskólanum tekna en bílastæðasjóður mun reka þjónustuna og sjá um alla framkvæmd.“ Svo mörg voru þau orð.

Greinarhöfundur telur einnig gagnrýnivert að stúdentaráð hafi nýtt sér póstlista sinn til undirskriftasöfnunar gegn gjaldskyldum bílastæðum en hafi á sama tíma synjað um sendingu undirskriftalista sem gekk þvert á baráttu ráðsins. Þykir undirritruðum það undarleg gagnrýni og afskaplega eðlilegt að ráðið sendi ekki áróðursefni af póstlista sínum sem stríðir gegn umræddri baráttu ráðsins. Slíkt væri allt í senn mótsagnakennt og óeðlilegt.

Höfundur bréfsins kallaði eftir svörum háskólaráðs við því hvert hlutverk stúdentaráðs væri. Enn á ný sýndi greinarhöfundur fram á fáfræði sína en það er víðs fjarri starfssviði háskólaráðs að setja stúdentaráði verklagsreglur og njörva niður hlutverk þess. Höfundur spyr einnig hverjir skjólstæðingar stúdentaráðs raunverulega séu? Skjólstæðingar stúdentaráðs eru allir stúdentar við Háskóla Íslands – ekki einungis þeir stálhraustu, kornungu miðborgarbúar sem auðveldlega geta nýtt sér almenningssamgöngur og ferðast um án bifreiðar. Skjólstæðingar stúdentaráðs eru allir stúdentar við Háskóla Íslands – óháð því hvers konar fararskjóta þeir kjósa á leið sinni til skóla.

*Höfundur er framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# SÍÐUSTU DAGAR!

# VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
**FRÁ 109.000 kr.**

# NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®



**30%**
**AFSLÁTTUR!**
Af sængurfatnaði og heilsukoddum



# ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.



ARGH! 190509

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**MIKE MYERS ER 46 ÁRA Í DAG**

*„Fyrir mér endurspeglast Evrópa af ungu fólki sem reynir að líta út fyrir að vera miðaldra, og miðaldra fólki sem reynir að líta út fyrir að vera ungt.“*

***Leikarinn Mike Myers er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem njósnarinn Austen Powers.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. MAÍ 1929

## *Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður*

Á þessum degi fyrir áttatíu árum var Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður af þingmönnum Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrsti formaður flokksins var Jón Þorláksson, verkfræðingur og síðar borgarstjóri í Reykjavík. Hann gegndi því embætti til 1934 þegar Ólafur Thors tók við. Því næst var formaður dr. Bjarni Benediktsson 1961-1970, þá Jóhann Hafstein til 1973, næstur Geir Hallgrímsson til 1983, Þorsteinn Pálsson til 1991, Davíð Oddsson til 2005, Geir H. Haarde til 2009 og núverandi formaður er Bjarni Benediktsson.

Fyrstu tíu árin var Sjálfstæðisflokkurinn lengst af í stjórnarandstöðu, ef undanskilið er tímabilið frá miðju ári 1932 til miðs árs 1934 þegar flokkurinn tók þátt í ríkisstjórn í fyrsta sinn. Hann hefur komið að landsstjórninni í 22 ríkisstjórnum frá stofnun hans og veitt 15 þeirra forystu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengst af verið stærsti flokkurinn, sé miðað við kjörfylgi sem flokkurinn hefur fengið í kosningum. Mestu kosningu fékk flokkurinn árið 1933, 48,0 prósent, en þá verstu árið 2009, 23,7 prósent.



**JÓN ÞORLÁKSSON** Fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins.

### MERKISATBURÐIR

**1300** Dante Alighieri heldur niður til Vítis í Hinum guðdómlega gleðileik.

**1420** Hinrik sæfari verður stórmeistari Kristsreglunnar.

**1660** Konungdæmið er endurreist í Englandi með krýningu Karls II.

**1920** Guðjón Samúelsson er skipaður húsameistari ríkisins.

**1946** Jórdanía verður til sem sjálfstætt ríki.

**1987** Mesti jarðskjálfti á Suðurlandi síðan 1912 verður í Vatnafjöllum, suður af Heklu, 5,7 stig.

**1991** Erik Weihenmayer verður fyrsti blindi maðurinn til að ná tindi Everestfjalls.

### AFMÆLI



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON,** fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, er 66 ára.



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR,** ungfrú heimur 2005, er 25 ára.



*Elskulegi maðurinn minn, pabbi okkar, fósturpabbi, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Pétur Kristófer Guðmundsson**

fyrrum bóndi á Hraunum í Fljótum,
Hlíðarlundi 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri sunnudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 26. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

**Rósa Pálmadóttir**
**Guðrún Björk Pétursdóttir** — **Friðrik Gylfi Traustason**
**Elísabet Alda Pétursdóttir** — **Sigurður Björgúlfsson**
**G. Viðar Pétursson** — **Anna Kristinsdóttir**
**Pétur Sigurvin Georgsson** — **Jónína Halldórsdóttir**
**Berglind Rós Magnúsdóttir** — **Ásgrímur Angantýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ólöf Aðalheiður Pétursdóttir**

Dalbraut 20, Reykjavík,

sem andaðist 17. þessa mánaðar, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 26. maí klukkan 15.

**Pétur Guðmundsson** — **Sonja Nikulásdóttir**
**Sigurður Ingólfsson**
**Þórdís Guðmundsdóttir** — **Axel Sveinsson**
**Inga Guðmundsdóttir** — **Magnús Kristinsson**
**Guðlaugur Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



**TVEIR VINIR** Stuttmynd Sveinbjörns er í þrívídd og notar hann mjög einföld form.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SVEINBJÖRN J. TRYGGVASON:** TILNEFNDUR TIL VERÐLAUNA Á SIGGRAPH-HÁTÍÐINNI

# Mínútulöng mynd um vinskap

„Ég varð mjög hissa, enda hefði ég verið mjög sáttur við það eitt að myndin væri valin á hátíðina,“ segir Sveinbjörn J. Tryggvason sem tilnefndur hefur verið til verðlauna á Siggraph-tölvugrafíkhátíðinni fyrir stuttmynd úr sinni smiðju. „Þessi hátíð er mjög þekkt en hluti af henni er tileinkuð tölvugerðum teiknimyndum,“ útskýrir Sveinbjörn en hátíðin verður haldin í New Orleans í Bandaríkjunum í ágúst.

Alls voru 770 myndir sendar inn í keppnina í ár. Þar af verða 140 myndir sýndar á hátíðinni en aðeins örfáar hljóta verðlaun. Keppt er í fjórum flokkum og eru þrjár myndir tilnefndar í hverjum flokki. Sveinbjörn er tilnefndur í flokknum WTF (Well Told Fable) fyrir mynd sína friends?, sem var lokaverkefni hans við Vancouver Film School í Vancouver í Kanada á síðasta ári.

Sveinbjörn er beðinn um að lýsa mynd sinni. „Þetta er eins mínútu löng teiknimynd í þrívídd um tvo verðandi vini. Hún er svo stutt að það er varla hægt að segja annað um hana.“

Sveinbjörn dvaldi í eitt ár í Kanada við nám í Vancouver Film School sem hann segir talsvert virtan, en áður en hann hélt út hafði hann lokið námi við margmiðlunarskólann hér heima. Í Kanada lærði hann að búa til hreyfimyndir auk þess sem lögð var áhersla á eftirvinnslu kvikmynda. Sveinbjörn starfar hjá margmiðlunarfyrirtækinu Gagarín en það gerði hann einnig áður en hann fór í námið til Kanada. Hugurinn stefnir þó út fyrir landsteinana og draumurinn er að starfa meira í kvikmyndageiranum. „Ég væri bæði til í að vinna að stórum kvikmyndum og að vinna að eigin verkefnum,“ segir Sveinbjörn sem þætti gaman að komast út á verðlaunaafhendinguna í ágúst en segir tíma og fjárhag verða að leiða í ljós hvort af verði. **solveig@frettabladid.is**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lovísa Hannesdóttir**

Gullsmára 10, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Unnur S. Björnsdóttir**
**Hannes Björnsson** — **Hafdís Ólafsdóttir**
**Kristján Björnsson** — **Helga Haraldsdóttir**
**Sigríður Björnsdóttir** — **Brynjar Guðmundsson**
**Illugi Örn Björnsson** — **Fanný M. Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kjartan Helgason**

fyrrum ferðaskrifstofueigandi,

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 19. maí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 13.00.

**Ingibjörg Einarsdóttir**
**Kristín Kjartansdóttir Issa**
**Björg Kjartansdóttir**
**Einar Helgi Kjartansson**
**og fjölsk.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Eymundsdóttir**

sjúkraliði, frá Flögu í Skriðdal,

sem lést fimmtudaginn 14. maí, verður jarðsungin frá Seljakirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 15.00. Jarðsett verður frá Þingmúlakirkju í Skriðdal laugardaginn 30. maí kl. 14.00.

**Eygló Magnúsdóttir** — **Jón Símon Gunnarsson**
**Eymundur Magnússon**
**Steinarr Magnússon** — **Anna Sólveig Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**NÝ STARFSSTÖÐ** Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna var opnuð 18. maí í Sóltúni 26. Ætlunin er að bæta þjónustu og leiðbeiningar við þá sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum. www.fjolskylda.is




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



**Rafhitarar** í skip, hús og sumarhús

**Neysluvatnshitarar**

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

;ALLT
512 5447
auglýsingasími

ALLT
512 5473
AUGLÝSINGASÍMI




Tíkin Honey var á sínum tíma keypt í Bandaríkjunum á tíu dollara en býr nú hjá Þórhalli og Glenn í Þingholtunum. Hér situr Þórhallur í uppáhalds stólnum sínum sem faðir hans eyddi löngum stundum í. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stóllinn hans pabba

**Þórhallur Vilhjálmsson markaðsfræðingur á notalegt heimili þar sem hann nýtur þess að sitja í stól sem hann erfði eftir foreldra sína. Þar hlustar hann á Gufuna en lætur þó líka í sér heyra þegar hann syngur.**

„Stóllinn sem ég sit í tilheyrði foreldrum mínum. Þau eru frekar nýfallin frá og þetta er stóll sem faðir minn sat mikið í síðustu árin og er mér því mikils virði," segir Þórhallur Vilhjálmsson markaðsfræðingur en hann á notalegt heimili í Þingholtunum.

„Ég er gefinn fyrir antík og gamla muni án þess þó ég sanki miklu að mér. Flest sem ég á er með einhverja sögu á bak við sig. Glenn Barkan, maðurinn minn, er gyðingur og eigum við því líka skemmtilega hluti eins og menorah-kertastjaka sem tekinn er fram á Hanukkah," segir Þórhallur einlægur en auk þess að eignast skemmtilega muni í Bandaríkjunum eignaðist hann þar tíkina Honey. „Hún var keypt fyrir tíu dollara í Los Angeles fyrir tíu árum. Hins vegar kostaði 300.000 krónur að flytja hana heim til Íslands þegar við fluttum hingað árið 2004," segir Þórhallur og hlær. Þórhallur á sér griðastað á heimilinu en leitar þó líka eftir slökun annars staðar.

„Sú slökun er reyndar töluverð vinna," segir hann og heldur áfram: „Ég syng í Mótettukór Hallgrímskirkju en sú vinna er mér ljúf og skyld. Það sem mér þykir skemmtilegt við að syngja í Mótettukórnum er hvað hann er krefjandi. Aðaláherslan er á tónlistina." Mótettukórinn heldur vortónleika sína annan í hvítasunnu, 1. júní, klukkan 17 en sama dag syngur kórinn fyrir Dalai Lama. „Á tónleikunum flytjum við Messu fyrir tvo kóra án undirleiks eftir Svisslendinginn Frank Martin en þetta er með fegurstu og mest krefjandi kórverkum sem til eru. Tónverkið Hallgrímur lýkur Passíusálmunum eftir Jón Hlöðver Áskelsson verður frumflutt í nýrri endurgerð og nokkur verk af geisladisknum Ljósið þitt lýsi mér sem kórinn gaf út nýverið og inniheldur sautján íslensk kórverk, bæði gömul og ný," útskýrir Þórhallur áhugasamur og nefnir að í framhaldi af vortónleikunum leggi kórinn land undir fót. „Þá höldum við í tónleikaferð og syngjum á AIM-hátíðinni á Akureyri, í Blönduóskirkju, Stykkishólmskirkju og í Reykholtskirkju en tónleikarnir á Blönduósi og Stykkishólmi eru til styrktar orgelsjóðum kirknanna," segir Þórhallur og hlakkar til.

*hrefna@frettabladid.is*


**Gólfhitakerfi**

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Sama hvernig viðrar,
– þú getur alltaf reitt þig á Siemens.

**SIEMENS**

Nú eru allar Siemens þvottavélar á tilboðsverði.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

**ÍSLAND.IS** er upplýsinga- og þjónustuveita fyrir almenning með upplýsingum um þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Þar má finna fjölda tilvísana í efni og þjónustu sem finna má á vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.







Herrasandallar úr leðri í úrvali. Mjúkir og þægilegir. Margar gerðir.

Stærðir: 41 - 46
Verð: 7.550.-

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is




## Spegill, spegill, herm þú mér

Í FYRSTU VIRÐIST VERA DYRAGÁTT Á VEGGNUM EN ÞEGAR BETUR ER AÐ GÁÐ ER UM AÐ RÆÐA SPEGIL SEM HEFUR ALL SÉRSTAKT FORM.

Hönnuðurinn Sarah Dayo á heiðurinn að þessum spegli sem kallast Leiftursýn, eða Glimpse á frummálinu, og gæti við fyrstu sýn virst dyragátt fremur en spegill. Dayo segist hafa hannað spegilinn með þessum hætti þar sem dyr sem standa í hálfa gátt veki alltaf forvitni, auk þess sem hann minni að vissu leyti á hlið að annarri vídd. Sjá nánar á www.saradayo.com.










Rauðakrosshúsið

# Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagurinn 25. maí**

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 12.30-14.00.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi og hafa það notalegt. Tími: 13.00-15.00.

Hraðskákmót - Tefldar verða nokkrar umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma eftir Monradkerfi. Verðlaun verða veitt fyrir efstu sætin. Tími: 13.30-15.30.

Geðheilbrigði og Geðorðin 10 - Fjallað verður um geðheilsu og líðan. Þátttakendum verður svo boðið upp á stutt geðræktarferðalag þar sem ferðafélagarnir eru Geðorðin 10 og Geðræktarkassinn. Tími: 14.00-15.00.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur - Farið verður í undirstöðuatriði vinnukonugripanna. Tími: 15.00-16.00.

**Þriðjudagurinn 26. maí**

Qi – Gong - Gunnar Eyjólfsson leikari kynnir Qi Gong sem er aðferð mannsins til öflunar, varðveislu og dreifingar orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Einkatímar í söng - Fullt. Tími: 12.00-14.00.

Áhugasviðskönnun - Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-14.30.

Bókhaldsaðstoð - Það er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir fjármálin og góð leið til þess er að færa heimilisbókhald. Fáðu aðstoð fagmanneskju. Tími: 13.00-15.00.

Heimsóknaþjónusta Kópavogsdeildar Rauða krossins - Sjálfboðaliðar deildarinnar heimsækja fólk sem býr við einsemd og félagslega einangrun og veita félagsskap, nærveru og hlýju. Tími: 13.00-13.30.

Klerkur á keyrslu - Fjallað verður um samræmingu áhugamála og atvinnu. Samræmist það þjónustu og störfum presta að keyra mótorhjól? Tími: 15.00-16.00.

Barnið komið heim - Fullt. Tími: 16.00-20.30.

**Miðvikudagurinn 27. maí**

Grundvallaratriði kínverskrar matargerðar - Helstu hráefni og aðferðir kínverskrar matargerðar kynntar. Smakk í lokin. Tími: 12.30-13.30.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Tími: 13.30-15.30.

Greinaskrif - Farið er yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar skrifa á grein, s.s. uppsetningu, stíl, áhersluatriði, fyrirsagnir, viðmælendur og lengd. Tími: 13.30-15.00.

Bókaklúbbur - Spjallað um bókina „Furðulegt háttarlag hunds um nótt" eftir Mark Haddon. Tími: 14.00-15.00.

Englar og djöflar, leynihreyfingar og samsæriskenningar - Sr. Þórhallur Heimisson ræðir kvikmyndina Engla og djöfla, samsæriskenningar eins og Illuminati, New World Order, Frímúrara, töluna 666 ofl. Tími: 15.00-16.30.

Slökun og öndun - Allir velkomnir. Tími: 16.30-17.00.

**Fimmtudagurinn 28. maí**

Aðstoð/ráðgjöf - Þarftu að losa stíflu, skipta um kló, bora í vegg eða laga lekann í krananum? Tími: 12.30-14.30.

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg albúm fyrir myndirnar þínar. Tími: 13.00-15.00.

Sáttamiðlun - Fjallað verður um sáttamiðlun ágreinings milli foreldra sem þurfa að taka ákvörðun um hagsmuni og þarfir barna sinna í tengslum við skilnað eða sambúðarslit. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Nú er tækifærið. Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagurinn 29. maí**

„Hafðu það gott" - Hamingjudagskrá fyrir konur sem vilja byggja sig upp með fyrirlestrum og léttum æfingum. Umsjón: Sirry fjölmiðlafræðingur og Bjargey íþróttafræðingur. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-16.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Hláturjóga er fyrir alla. Tími: 16.00-17.00.

**Rauði kross Íslands**
**Rauðakrosshúsið**

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17




Sandkassaleikir eru klassísk afþreying. Þessi skemmtilega skjaldbaka er með loki og fæst í Húsasmiðjunni á 6.490 krónur.



Lítill útibekkur fyrir börnin sem á er fest sólhlíf kostar 8.280 krónur í Byko.



Körfuboltinn er hentug íþrótt í garðinn enda þarf aðeins eina körfu til að spila. Europris hefur til sölu körfur án spjalds sem kosta 2.290 krónur.

# Gleði og fjör í garðinum heima

**Þegar veðrið leikur við landann þeysast börnin frá tölvuskjánum og út í garða. Til er ógrynni leiktækja sem gera útiveruna skemmtilegri.**

Sumarið er komið. Sólin hefur, með góðri hjálp töluverðrar vætu, lífgað við grasið og laufblöð trjánna. Garðar eru nú grænir og glaðlegir og nokkur sumarblóm farin að pota sér upp úr jörðunni.

Þá er fátt betra en að fara út og anda að sér ilmi nýsprottins gróðurs og sletta aðeins úr klaufunum með leikjum, hoppi og híi.

Hin ýmsu leiktæki sem til eru á markaði auðvelda fullorðnum og börnum að gera góða stund í garðinum enn betri. *- sg*



Fótboltinn kemur hreyfingu á blóðið. Skemmtilegt er að skjóta á alvöru mark þótt lítið sé. Þetta Umbro-mark fæst í Europris á 2.490 krónur.



Trampólín hafa undanfarin ár verið geysivinsæl meðal barnanna. Slík trampólín fást víða en meðal annars í Byko þar sem þau kosta frá 19.800 krónum.



Bústaður fyrir börnin getur opnað ævintýraheim. Þetta barnahús úr plasti fæst í Húsasmiðjunni á 14.990 krónur.



Buslulaugar orsaka oft mikla kæti á heitum sumardögum. Þessi litríka laug fæst í Byko á 9.942 krónur.

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Spóahöfði 26 – Mosfellsbær



Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. Fjögur svefnherbergi. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. Frábær staðsetning.

**Verð 53,9 m.**

## Kvíslartunga 10 – Mosfellsbær



Mjög glæsilegt 285 fm einbýlishús í byggingu, á einni hæð á frábærum stað við Kvíslartungu 10 í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Teiknistofu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf og stendur 943,7 fm lóð í útjaðri byggðar með óspilltu útsýni. Húsið er fokhelt og tilbúið til afhendingar.

**Lækkað verð! 39,9 m.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali hjá Eignamiðlun í síma 824-9098.**




Lóðin er snyrtileg og þar er meðal annars hægt að njóta útiverunnar í heitum potti.

# Hús við hraunjaðarinn

**Heimili fasteignasala er með í einkasölu 221,7 fermetra einbýlishús við Lindarflöt 18 í Garðabæ, rétt við hraunjaðarinn.**

Hluti hússins, eða um 35 fermetrar, er nýr og var byggður fyrir tveimur árum. Húsið hefur í heild sinni verið töluvert endurnýjað samhliða því, þar á meðal þak og svo eldhús sem var tekið í gegn frá grunni. Þá var sérstakt fjölskylduherbergi búið til samfara breytingunum.

Húsið samanstendur af flísalögðu anddyri með fatahengi; fyrrnefndu eldhúsi, sem er stórt og opið, og fjölskylduherbergi, með upphituðu, flísalögðu gólfi; þvottahúsi með sturtu inn af eldhúsi; fjölskylduherbergi sem gengið er út um rennihurð á skjólgóða og hellulagða, suðvestur-verönd. Þar er heitur pottur, hlaðinn úr stuðlabergi.

Í húsinu er einnig að finna parketlagt hol, parketlagða stofu og borðstofu/garðstofu sem gengið er úr á tvo vegu út á lóð. Flísalagða gestasnyrtingu og flísalagt baðherbergi með baðkari.

Hjónaherbergi er parketlagt og búið nýjum skápum. Fataherbergi er með slám og hillum. Barnaherbergi er parketlagt og sömuleiðis annað stærra, sem hefur verið sameinað úr tveimur herbergjum. Inn af anddyri er gengið inn í rúmgott unglingaherbergi, sem var áður hluti af bílskúr. Vegna minnkunar gegnir bílskúrinn nú hlutverki geymslu, en því mætti hæglega breyta aftur. Svefnherbergisgangur er parketlagður. Þá hefur kyndiklefa verið breytt í þvottahús.

Húsið stendur neðst í götunni, göngustígur er beint fyrir neðan og við hlið hans leiksvæði fyrir börn.



Eldhúsið hefur allt verið endurnýjað, samhliða breytingum sem gerðar voru á húsinu. MYND/ÚR EINKASAFNI


**heimili** FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.-fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Fasteignasala fólksins í landinu



**Hamraborg - 2ja herbergja**
. Rúmgóð vel skipulögð 60 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. Stórar svalir meðfram allri íbúðinni V. 14,5



**Hjallavegur - Hæð og ris.**
Góð efri sérhæð í tvíbýlishúsi á rólgeum stað í austurbænum. Stór sameingleg baklóð og möguleiki á viðbyggingu.



**Lindarflöt**
Gott vandað og mikið endurbætt 225 fm einbýlishús með 35 fm bílskúr. Húsið er á einni hæð og stendur einstökum stað við hraunjaðarinn. Glæsilegur garður og fallegt umhverfi. V. 67,m.




**Vatnsendablettur- glæsieign við vatnið.**
Stórglæsilegt sérlega vandað einbýli. Allt á allra vandaðast hætt. 6 svefnherb og stofur. Stórbrotið útsýni. Sjón er sögu ríkari. V. 109 m. Makaskipti.




**Reykjahvoll - Sveitasæla í borginni!**
Glæsilegt 250 fm einbýlishús á einstökum útsýnisstað. Húsið er hið vandaðasta á allan hátt. Hönnun, innréttingar, tæki og allur aðbúnaður eins góður og hugsast getur. V. 89 m Makaskipti




**Fjallalind -Parhús.**
Gott 190 fm hús með innbyggðum 25 fm bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi og glæsilegur bakgarður í suður. Makaskipti á minni eign.




**Háalind - 5 svefnherbergi.**
Fallegt vel hannað 210 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Sólpallur, svalir og mikið útsýni. Seljendur leita að minni eign.



**Miðtún - Sérhæð.**
Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð . Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjólgóðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. Ákveðin sala og hagstætt verð. Áhv 22 m. lán.




**Miðhús.**
Flott 175 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað með sérstandandi bílskúr. Fallegur garður með tilmur verönd. V. 48,0 m .



**Breiðavík - 3ja herb með sérinngangi.**
Nýleg fullbúin 90 fm íbúð á 3. hæð með sérinngangi og svalir til suðurs. Barnvænt og rólegt hverfi. Mikið útsýni til norðurs og austurs og stutt í barna- og leikskól ásamt skemmtilegum gönguleiðum. V. 24,9 m.



**Sóltún.**
Glæsileg 2ja herbergja 75 fm íbúð á jarðhæð í álklæddu lyftuhúsi. Íbúðin er rúmgóð björt og vel skipulögð. V. 22,5 m. Áhv 18,7




**Leirubakki - aukaherb í kjallara.**
Góð 120 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð í álklæddu fjölbýlishúsi. Aukaberbergi í kjallara. Laus til afhendingar - Makaskipti á minni eign. V 24,5 m.




**Kirkjustétt. - 5 herbergja.**
Nýleg vönduð 125 fm íbúð og stæði í bílskýli. fallegar innréttingar og gólfefni, fjögur svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni. V. 31,0 Skipti á minni eign.



**Viltu hafa makaskipti ?**
Nú er tíminn til makaskipta. Fjöldi aðila vill minnka eða stækka við sig. Óskum þess vegna eftir eignum á skrá, sérstaklega einbýlum, parhúsum og raðhúsum.
**Nánari uppl. á skrifstofu.**

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## HÖFUM FJÖLDA STÆRÐA OG GERÐA ATVINNUHÚSNÆÐIS TIL LEIGU Á SKRÁ



### Þorláksgeisli 106.

**Opið hús í dag frá kl. 17.30-18.00**
Glæsilegt 199,9 fm parhús á tveimur hæðum að meðt. um 25 fm innb. bílskúr. Eignin er vel innréttuð og skiptist m.a. í bjartar og rúmgóðar stofur, eldhús, 5 herbergi og baðherbergi auk gestasnyrtingar. Aukin lofthæð á efri hæð. Stórar suðursvalir út af stofum. **Eign sem er staðsett á frábærum útivistarstað í lokuðum botnlanga. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu og stutt í golf. Verð 48,5 millj.**
**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.30-18.00. Verið velkomin.**



### Andahvarf 11e – Kópavogi. Glæsileg neðri sérhæð.

**Opið hús í dag frá kl. 18-18.30**
Glæsileg 5 herb. 134,3 fm neðri sérhæð í tveggja hæða húsi á góðum útsýnisstað . Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Borðstofa opin við eldhús, rúmgóð stofa með útgangi á verönd til suðausturs, 3 rúmgóð herbergi og fallegt baðherbergi, flísalagt í golf og veggi. 25,1 fm bílskúr. **VERÐ 38,5 MILLJ. ÁHV. HAGSTÆTT LÁN UM 28 MILLJ. SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA.**
**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 18-18.30. Verið velkomin.**



### Kristnibraut 37. 3ja herb. útsýnisíbúð. Til sölu eða leigu.

**Opið hús í dag frá kl. 18.00-18.30**
93,5 fm útsýnisíbúð á 3. Hæð að meðt. sér geymslu í kjallara. Flísalagðar suðvestursvalir. Frábært útsýni til norðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Laus fljótlega. Áhv. um 15,0 millj. við ÍLS. Verð 21,9 millj.**
**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 18-18.30 Íbúð merkt 0303. Verið velkomin.**



### Brekkusmári-Kópavogi.

206,9 fm raðhús að meðt. 32 fm bílskúr. Stofur með aukinni lofthæð og útg. á stórar flísalagðar svalir, bókastofa, eldhús með eldunareyju og stórum borðkrók, sjónvarpshol og 3 svefnherbergi. Glæsileg lóð með timburverönd til suðurs. Hiti í stéttum fyrir framan hús. **Vel staðsett eign á útsýnisstað. Skipti á einni eða tveimur íbúðum koma til greina.**



### Efstilundur -Garðabæ.

195,5 fm mikið endurnýjað einbýlishús að meðt. bílskúr vel staðsett við opið svæði. Eldhús með nýrri innréttingu og tækjum, stórt hol/sjónvarpshol, rúmgóðar stofur og endurnýjað þvottaherb. og baðherbergi. Ný gólfefni, flísar og parket. Stór verönd með skjólveggjum og heitum potti. **Laust fljótlega. Verð 49,9 millj.**



### Grænahlíð- 4ra herb.

100 fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð í fjórbýlishúsi staðsett við opið svæði í Hlíðunum. Íbúðin er nánast algjörlega endurnýjuð m.a. ný innrétting og tæki í eldhúsi, ný gólfefni. Skipt hefur verið um þakjárn, gler og glugga. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Stórar suðursvalir og gott leiksvæði fyrir aftan hús. **Verð 26,9 millj.**



### Sörlaskjól. Glæsileg efri hæð

Glæsileg og algjörlega endurnýjuð 4ra herb. efri hæð í þríbýlishúsi á opna svæðinu móti sjónum. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Eyja í eldhúsi og vönduð tæki. Stór og björt stofa með útsýni út á sjóinn og víðar. Svalir til vesturs. Hús að utan nýviðgert. **Verð 37,0 millj.**



### Gvendargeisli. 4ra herb,

105,0 fm útsýnisíbúð á 3. hæð með sérinng. af svölum auk sér bílastæðis í bílageymslu. Opið eldhús, rúmgóð stofa og 3 herbergi. Þvottaherb. og geymsla innan íbúðar. Stórar svalir til suðausturs. **Áhv. hagstætt lán. Verð 25,7 millj.**



### Ljósheimar. 4ra herb.

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kj. Rúmgóð stofa og 2 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir í vestur. **Sér inngangur af svölum. Verð 21,5 millj.**



### Reynimelur. 4ra herb.

4ra herb. 87,7 fm endaíbúð á 2. hæð auk 4,5 fm geymslu í kj. Gluggar í 3 áttir og svalir til suðvesturs. Stutt í skóla, sundlaug o.fl.**LAUS STRAX. Verð 20,7 millj.**



### Espigerði. 4ra herb,

Vel skipulögð 94,6 fm íbúð á 2. hæð auk 6,3 fm geymslu í þessum eftirsóttu fjölbýlum. Rúmgóðar svalir til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í skóla og alla þjónustu.**Hagstætt áhv. lán.Verð 22,9 millj.**



### Breiðavík m bílskúr. 3ja – 4ra herb.

Góð 131 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu og 19,2 fm bílskúrs. Rúmgott eldhús með útbyggðum gluggum, 2 rúmgóð herbergi, sjónvarpshol og stór stofa. Eikarparket og flísar á gólfum. **Stutt í skóla. Verð 33,5 millj.**



### Grettisgata. 3ja herb.

Mikið endurnýjuð 68,5 fm íbúð í miðborginni. Falleg hvítlökkuð innrétting í eldhúsi, björt stofa go 2 svefnherb. Hvíttuð eik er á gólfum í allri íbúðinni utan baðherbergis sem er flísalagt. Sér geymsla í kjallara. **Verð 21,9 millj.**



### Laugavegur. 2ja herb.

64,8 fm íbúð á 2. hæð að meðt. 7,9 fm sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, opið eldhús með nýlegum innréttingum og útgangi á suðursvalir, bjarta stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtuklefa. Mikil lofthæð um 2,85 metrar og gifslistar í loftum. **Verð 22,8 millj.**



### Ásbúð-Garðabæ. 2ja herb. m.sérinng.

Góð 66,1 fm íbúð á jarðhæð með sérinng. og sér útiaðstöðu með timburverönd og skjólveggjum. Þvottaherb.innan íbúðar. **Verð 16,0 millj.**



### Mávahlíð. 2ja herb.

Vel staðsett 37,5 fm íbúð m. sérinng. í Hlíðunum. Íbúðin er afar vel skipulögð og skiptist í forstofu, stofu, eldhúskrók, svefnkrók og baðherbergi. Sameign til fyrirmyndar. **Verð 12,9 millj.**

# RE/MAX Senter





**Þórunn Gísladóttir**
Lögg. fasteignasali
414 4700
thorunn@remax.is



**Vernharð Þorleifsson**
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is



Glæsilegar íbúðir á góðu verði í nýrri lyftublokk
Tilbúnar án gólfefna
Sérsmíðaðar íslenskar innréttingar frá GKS
Verð frá 185.000 pr fm.
Öllum íbúðum fylgja sérstæði í bílageymslu
Vönduð blokk byggð af mjög traustum verktökum

## Stórikriki 2 — 270 Mosfellsbæ

**RE/MAX Senter** hefur tekið í einkasölu þessar glæsilegu íbúðir í **Stórakrika 2** sem er vandað þriggja hæða fjölbýli.
Íbúðirnar eru allt frá **2ja herbergja** upp í **6 herbergja penthouse** og öllum íbúðum fylgir stæði í upphitaðri bílageymslu. Innréttingar í íbúðunum eru sérsmíðaðar og ramm-íslenskar frá **GKS**. Tvær íbúðanna eru sérstaklega uppsettar fyrir hjólastóla.
Eignin samanstendur af fjórum stigagöngum með sex íbúðum hver, **lyfta er í öllum stigagöngum**. Fyrir aftan húsið er sameiginlegur garður í góðu skjóli sem mun nýtast íbúum vel til dægradvalar.
Byggingarverktakinn er **Alefli ehf**.



Sölusýning mánudaginn 25.5.
Frá 17.00 til19.00
VERIÐ INNILEGA VELKOMIN

Sölufulltrúar RE/MAX Senter verða á staðnum og sýna eignirnar

**Allar frekari upplýsingar veitir Vernharð í síma 699-7372 og/eða venni@remax.is**

**RE/MAX Senter - S: 414-4700 - Skútuvogi 11a - www.remax.is**

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Vantar íbúðir til leigu

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir íbúðar húsnæðis til leigu. Vinsamlegast hafið samband við Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltan leigumiðlara.

## Árakur 2-30 í Garðabæ - ný hugsun - ný verð








Nútímaleg og falleg 2ja hæða funkis raðhús sem byggð eru á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsin eru klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefa þeim nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Verð frá 39,6 millj. tilbúin til innréttingar og fullbúin að utan sem innan og með gólfefnum frá 51,6 millj.

**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:30.** 4711

## Maltakur - nýjar vandaðar íbúðir







Stórglæsilegar og vel hannaðar 2ja- 3ja herb. íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Svefnherbergi eru með innbyggðum fataherbergjum og mörg með sér baðherbergjum. Sannkallaðar hjónasvítur. Finna má góð gestaherbergi og rúmgóðar stofur með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. 4660

## Ljósakur 9-17 í Garðabæ - ný verð



Nýtískuleg, björt og stílhrein tvílyft raðhús. Þau eru vel staðsett á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni með fallegu útsýni. Húsin eru klædd ýmist báraðri eða sléttri viðhaldslítilli álklæðningu sem gefa þeim stílhreint útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Húsin eru með 45 fm sólríkum svölum. Húsin eru seld tilbúin til innréttingar.
VERÐ FRÁ 38,2 MILLJ. TIL 39,6 MILLJ. 7817

## Suðurgata 10 - til leigu



Ca 320 fm bakhús ásamt tengibyggingu. Tengibygging er stór, með vönduðum steinflísum á gólfi og aðgengi fyrir fatlaða. Í bakhúsi sem er á tveimur hæðum eru snyrtingar á báðum hæðum, herbergi og fundarsalur. Sérinngangur er í rýmin. Allar nánari upplýsingar gefur Hilmar Þór Hafsteinsson í síma 824-9098 4646

## Ægisgata - endaíbúð



2ja herbergja glæsileg 65,8 fm endaíbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu með sér inngang af svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, svefnherbergi, rúmgóða stofu, baðherbergi og eldhús sem er opið inn í holið og stofuan. Út af eldhúsinu eru vestursvalir.
V. 24,9 m. 4753

## Einbýlishús í hlíðunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-300 fm einbýlishúsi í hlíðunum, t.d. við Háuhlíð eða Hörgshlíð.
Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514

## Einbýlishús í hlíðunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.
Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514

## Eldri borgarar



**Skúlagata - 8. hæð** Falleg og björt 60,2 fm tveggja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð við Skúlagötu fyrir 60 ára og eldri, glæilegt útsýni yfir sundin og vestur yfir borgina. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. V. 20,5 m. 4716



**Skólabraut - 65 ára og eldri** Falleg 2ja herbergja 57,2 fm íbúð fyrir 65 ára og eldri í þessu vinsæla húsi á Seltjarnarnesi. Björt og falleg íbúð. Í húsinu er matsalur, fönduraðstaða, og ýmisleg þjónusta tengd eldri borgurum. Mjög falleg sameign og góð staðsetning. V. 20,5 m. 4490



**Sléttuvegur - 55 ára og eldri** Mjög falleg og björt 3ja herb. 84,6 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara með glæsilegu útsýni til sjávar og yfir Kópavog. Íbúðin skiptist í hol, stórt svefnherbergi, geymslu, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús og svalir með glerlokun.
V. 31,9 m. 4699

## Einbýli



**Háhæð - mjög vönduð útsýniseign** Fallegt og mjög vandað 271 fm einbýli efst á hæðinni með glæsilegu útsýni til vesturs. Húsið skiptist í anddyri, fjögur svefnherbergi, stofu, borðstofu, arinnstofu, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Garðurinn er sérlega glæsilegur, fallega ræktaður með stórum timbur pöllum og fl. V. 84,0 m. 4748



**Freyjugata - 2 samþykktar íbúðir** Vel staðsett 90,6 fm einbýli með tveimur samþykktum íbúðum. Húsið þarfnast endurnýjunar. Laust strax. Um er að ræða tvær 2ja herbergja íbúðir sem má selja í sitthvoru lagi eða sem heild.
V. 16,0 m. 4743



**Dragavegur - endurnýjað** Vel staðsett 245 fm hús með tveimur íbúðum og bílskúr. Á efri hæð er 3-4ra herbergja íbúð og á neðri hæð er 3ja herbergja íbúð. Bílskúr er u.þ.b. 40 fm. Húsið er klætt að utan og hefur verið mikið endurnýjað m.a. innréttingar og tæki. Vel mögulegt að taka íbúð upp í sem greiðslu. V. 53,9 m. 7284

## Raðhús



**Sóleyjarrimi - nýlegt raðhús** Falleg og vel skipulagt 208,1 fm nýlegt raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í á neðri hæð; forstofu, gestasnyrtingu, tvær stofur og eldhús. Á efri hæð; fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofu, baðherbergi og þvottaherbergi. Mikil lofthæð er á neðri hæðinni. Hiti er í gólfum. Afgirtur hellulagður suðurgarður. Hiti er í hellulögðu bílaplani.
V. 54,0 m. 4697

## Raðhús



**Sandakur - gott verð** Sérlega vel skipulagt og fallegt raðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Tvílyft húsið er glæsilegt ásýndum þar sem það er ýmist klætt áli eða harðviði. Húsið snýr á móti suð- suðvestri þannig að það nýtur sólar allan daginn. Húsið er selt og afhent tilbúið til innréttingar. V. 41,0 - 43,0 m. 8071

## Hæðir



**Álfheimar - neðri sérhæð** 5 herbergja 122,7 fm neðri sérhæð ásamt 28,7 fm bílskúr. Eignin skiptist í anddyri, hol, gang, eldhús, stofu, borðstofu, þrjú herbergi, þvottahús og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara og sameiginleg þvottahús. Svalir með tveimur útgöngum. V. 29,0 m. 4567



**Rauðalækur - Eftir sérhæð og ris, útsýni.** Góð 193,7 fm efri hæð og ris með sérinngang í þríbýli við Rauðalæk í Reykjavík. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð. Þrennar svalir eru á íbúðinni.
V. 49,0 m. 4734

## 4ra-6 herbergja



**Hvassaleiti - endaíbúð** Mjög falleg 5-6 herbergja endaíbúð á 2. hæð sem skiptist í 2 stórar stofur, 3 svefnherbergi, fataherbergi, hol, innra hol, eldhús og baðherbergi. Í kjallara fylgir aukaherbergi og góð geymsla auk sameiginlegrar hjólageyslu, þvottahúss og fl. Gott útsýni er úr íbúðinni. V. 34,5 m. 4745



**Bústaðavegur** Íbúð á efri hæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í sameiginlegt þvottaherbergi í kjallara, lítið forstofuherbergi/geymslu, barnaherbergi, eldhús með borðkrók, baðherbergi, hjónaherbergi, stofu, borðstofu og ris sem er yfir allri íbúðinni. V. 20,5 m. 4747



**Kaplaskjólsvegur- Vesturbær** Góð ca 90 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í vesturbæ Reykjavíkur. V. 20 m. 4726



**Lækjarsmári 2 - Laus strax** 4ra herberja 111,7 fm íbúð á 6. hæð í fallegu viðhaldslitlu lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, (búið að opna á milli tveggja) baðherbergi, og sérþvottahús. Áhv. 20 millj. frá Íls. V. 24,9 m. 4652

## 3ja herbergja



**Miðleiti - eftirsótt saðsetning** 3ja herbergja íbúð í eftirsóttri blokk, "Gimlisblokkinni". Íbúðin skiptist þannig: Hol, þvottahús, eldhús, borðstofa, svefnherbergi, stofa, svalir o.fl. Stæði í upphitaðri bílageymslu fylgir. Íbúðin er laus strax. V. 28,5 m. 4749



**Frakkastígur - mikið endurnýjuð** Þriggja herbergja vinaleg risíbúð með sér inngangi auk sérrýmis í skúr sem hægt er að hafa sem sér herbergi. Alls er um að ræða 47,0 fm á hæðinni og 10,7 í skúrnum, samtals 57,7 fm. Góð timburverönd í garðinum ásamt heitum potti.
V. 15,9 m. 4746



**Skúlaskeið - Hafnarfjörður** Um er að ræða 3ja herbergja íbúð í 4-býli, sem skiptist í forstofugang, baðherbergi, tvö svefnherbergi, stofu og eldhús. Í kjallara er gott geymsluherbergi með glugga (er ekki skráð inn í fermetratölu íbúðar) auk sameiginlegs þvottaherbergis.
V. 13,5 m. 4732



**Þverbrekka - 9. hæð útsýni** Nýkomin í sölu 104 fm 4-5 herbergja íbúð á 9. hæð (efstu) í góðu lyftuhúsi. Mjög mikið útsýni. Íbúðin skiptist í tvær stofur, eldhús, sérþvottaherbergi í íbúð, þrjú svefnherbergi, baðherbergi svo og tvennar svalir.
V. 19,9 m. 4750



**Boðagrandi - mikið útsýni** 2ja herbergja falleg íbúð á 7. hæð. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Mikil sameign fylgir m.a. sauna, hjólageymsla o.fl Húsvörður er í blokkinni. V. 15,9 m. 4736



**Næfurás - Einstakt útsýni** Góð 2- 3ja herbergja íbúð í Árbæ Reykjavíkur með einstaklega fallegu útsýni. Íbúðin er skráð 77,1 fm en er um 85 fm að sögn eiganda, en geymslan er óskráð. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð frá árinu 2007.
V. 18,9 m. 4740



**Sumarhús - Borgarbyggð** Sumarsetrið Landakot er til sölu. Húsið sem er um 121 fm með c.a. 40fm veröndu er staðsett við Þorgautsstaðaland í Borgarbyggð. Húsið stendur upp í hól inn í miðju túni . Húsið er byggt árið 1936 og viðbygging 1947. Húsið er búið 5 herbergjum með 10 rúmum eða alls 7 herbergi og eldhús. Tilboð óskast. 3952

EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Austurströnd** Góð 67,2 fm íbúð á 3ju hæð, en jarðhæð frá Nesvegi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð: 100 þús 4654

**Smiðjuvegur - verslunarhúsnæði** Gott 495 fm verslunarhúsnæði á einni hæð við Smiðjuveg í Kópavogi. 4741

**Laufásvegur** 140 fm verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Engin VSK kvöð. Verð 1.800 pr fm.

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is


## Fellsás - Parhús




Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Pétri Birgissyni, innanhúsarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðátta frá húsinu.
**Lækkað verð! Skipti á ódýrari eign koma til greina! V. 45,9 m. 3540**

## Ásland-Parhús m/aukaíbúð




Mjög fallegt 203,8 m2 parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu. **V. 43,9 m. 4374**

## Litlikriki 2 - 4ra herbergja




Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum.
**Íbúðin er tilbúin til afhendingar! Lækkað verð! V. 29,8 m. 3513**



**Álmholt - Einbýlishús** Mjög fallegt og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórri lóð við Álmholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd. **V. 48,5 m. 4565**



**Hjarðarland - Parhús** Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan.
**Seljandi skoðar skipti á minni eign! Ásett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr. 3472**



**Brekkutangi - Raðhús** 254,0 m2 raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur. **V. 39,7 m. 4588**



**Þrastarhöfði - 3ja herbergja** Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. **V. 23,9 m. 4515**



**Klapparhlíð - 4ra herbergja** Falleg 99,9 fm, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði í 3ja hæða fjölbýli. Mjög góð staðsetning stutt er í skóla, leikskóla, World Class og sund. **V. 23,6 m. 4408**



**Hlíðartún - Einbýlisshús** Einstakt 189,2 fm einbýlishús með gróðurhúsi, vinnuskúr og sundlaug við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Þetta er mjög sérstök eign á gróðursælum stað í elsta hverfi Mosfellsbæjar. Íbúðarhúsið eru 140,7 fm, en auk þess er kjallari undir hluta hússins. Við húsið eru sambyggður 23,4 fm vinnuskúr og 15 fm gróðurhús. **V. 39,7 m. 4559**



**Laxatunga - Raðhús** Vorum að fá í sölu falleg 244 fm, 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu 24 -34 í Mosfellsbæ. Gott útsýni, tvennar svalir, stórar stofur, rúmgóð herbergi, stórir gluggar. Húsin afhendast í núverandi ástandi, þ.e. húsið er fullbúið að utan, að innan eru útveggir og loft tilbúin til sandspörstlunar, hitalagnir komnar í gólf, hiti tengdur í húsið og rafmagnsheimtaug kominn í töflu. **Verð frá 35,5 m. 4581**



**Arnartangi - Raðhús** Mjög vel skipulagt 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð við Arnartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, stóra stofu og þrjú svefnherbergi. Stór og gróinn sérgarður í suðurátt með timburverönd.
**Hagstætt lán áhvílandi ca. 19,5 m! V. 23,9 m. 4412**



**Fálkahöfði - 4ra herbergja** 121,9 fm, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er björt og rúmgóð með rúmgóðum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi með góðum borðkróki, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og sér þvottahúsi.
**Lækkað verð! V. 24,8 m. 3499**

## Stórar eignalóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



*Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit*
*Frábær fjallasýn • Góð greiðslukjör*

**www.kilhraunlodir.is**

**Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 824 3040 og 893 4609**


HÖFÐI

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is


## Efstilundur 5 Garðabæ.




Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Stór verönd í garði með heitum potti. Fallegt útsýni. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Parket og flísar eru á gólfum. Fallegur garður með fjölærum blómum. Eignin er laus strax. Verð aðeins 49,9 millj.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasli hjá Höfða, asmundur@hofdi.is Gsm: 895 3000.-**


Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is


## Suðurgata - Hf - Einbýli



Nýkomið í einkasölu við miðbæinn eitt glæsilegasta steinhús bæjarins. Um er að ræða þrílyft steinhús 212 fm. Húsið hefur verið nánast allt endurnýjað á sl. árum. Þar með talinn garður. Einstök eign, góð staðsetning. Verðtilboð. **Uppl. gefur Helgi Jón sölustjóri í síma 893-2233 eða á skrifstofu í síma 520-7500.**

## Setbergsland – Hf - Einbýli



Við lækinn og hraunið.
Í einkasölu glæsilegt einlyft einbýli m/ innb. bílskúr samtals ca 220 fm. Arkitektateiknað hús. Einstök staðsetning innst í botnlanga við lækinn og hraunið. **Myndir á mbl.is. Verð 67 millj.. Skipti möguleg á minni eign.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**


Fasteignablað Fréttablaðsins

**Viðar Ingi Pétursson**
s. 512 5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Haltu kjafti og vertu sæt

Fyrir nokkrum vikum var fjallað um samninga sem þátttakendur í fegurðarsamkeppnum þurfa að undirrita. Í samningunum felst algjört afsal keppenda á margvíslegum réttindum sínum – sem stenst þó að öllum líkindum ekki alvöru lög. Í þeim samningi sem keppendur undirrita er lagt blátt bann við því að upplýsa þriðja aðila um innihald samningsins – um ókomna framtíð. Það er ekki skrítið að keppnishaldari vilji hafa samninginn leynilegan miðað við það sem í honum stendur. Þrátt fyrir bannið hefur eintak af samningnum komist í umferð og það er hreinlega sjokkerandi að lesa hann.

Af nógu er að taka og ekki hægt að komast yfir allt, en eitt af því fyrsta, og alvarlegasta, er að keppendur gefa frá sér rétt til þess að sækja mál gegn keppninni eða nokkrum þeim sem tengjast henni, sama hvað. Keppnishaldarinn ræður um það bil öllu sem stelpurnar taka sér fyrir hendur, allt frá því við hvern þær tala til þess hvað þær fá borgað fyrir verkefni (enda tekur hann að minnsta kosti 30 prósent af öllu). Hann ræður því hvernig þær líta út, enda skuldbinda þær sig til að halda útlitinu í þrjú ár. Þær skuldbinda sig líka til að halda líkamlegri og andlegri heilsu, eins og það sé eitthvað sem fólk ræður! Rúsínan í pylsuendanum er síðan að skipuleggjandi keppninnar má að eigin geðþótta breyta skilmálum í samningnum, reka úr keppni eða taka burt verðlaunasæti. Og svo má hann gefa hvaða skýringar sem hann vill á því. Skilaboðin eru skýr, haltu kjafti og vertu sæt!

**Þrátt fyrir bannið hefur eintak af samningnum komist í umferð og það er hreinlega sjokkerandi að lesa hann.**

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
www.gitarskoli.is
Gítarnámskeið
„Crash course"
Fyrir byrjendur og lengra komna
Hefst 2. Júní
Einkatímar 4 vikur 2 tímar í viku
Skráning í síma: 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NEW IN TOWN | kl. 8:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| JONAS BROTHERS 3D | kl. 6(3D) | L |
| STAR TREK XI | kl. 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 | L |
| ALFREÐ ELÍASSON OG LOFTLEIÐIR | kl. 5:30D - 8D síð sýn | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| X MEN - ORIGINS WOLVERING | kl. 8 | 14 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |
| HANNA MONTANA | kl. 8 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:10 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 LÚXUS | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Gísli Örn og Nína fá sinn drykk

Öldurhúsið Vickery‘s í Charleston, Suður-Karólínu, hefur ákveðið að bjóða upp á sérstakan drykk sem er tileinkaður leiksýningunni Don John en aðalhlutverkin í henni leika þau Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Hefur honum verið gefið nafnið The Union Jack. Frá þessu er greint í staðarblaðinu Charleston City Paper. Fram kemur í fréttinni að drykkurinn samanstandi meðal annars af kanadísku viskíi, grenadine og trönuberjasafa og kemur fram að hann sé nokkuð sterkur. Jafnframt er greint frá því að leikhópurinn hafi tekið nokkru ástfóstri við krána og ef gestir og gangandi séu heppnir geti þeir jafnvel komið auga á aðalstjörnu sýningarinnar; Gísla Örn.

Leiksýningin tekur nú þátt í mikilli menningarhátíð sem heitir Spaleto 2009 USA og dregur að sér fjölda ferðamanna til staðarins. Talið er að yfir áttatíu þúsund sæki þessa hátíð árlega og hún þykir mikill viðburður í ríkinu. Reyndar er forvitnilegt að blaða í gegnum viðtöl við Gísla Örn í bandarískum fjölmiðlum því það er augljóst að hann hefur heillað flesta upp úr skónum. Í einu viðtalinu er hann meðal annars sagður hafa andlitið frá Clive Owen en líkamsburðirnir minni einna helst á hjartaknúsarann Matthew McConaughey. **- fgg**



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Leiksýningin Don John tekur þátt í menningarhátíðinni Spaleto 2009 USA sem fram fer í bandarísku borginni Charleston.

# -sme með nýtt blað

**Tryllingsleg reið Sigurjóns M. Egilssonar um fjölmiðlamarkaðinn hefur nú farið í eins konar hring – nýtt blað í hans ritstjórn um sjávarútveg er í vinnslu og er væntanlegt í byrjun júní.**



**SIGURJÓN Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM VIÐ HÖFNINA** Það vex -sme ekki í augum, enda vanur maður, að boða nýtt blað þótt veður séu válynd á fjölmiðlamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er ekki slúður heldur staðreynd. Útvegsblaðið. Ef hægt er að tala um einhvers konar fyrirmynd þá er það Bændablaðið. Kemur út mánaðarlega,“ segir Sigurjón M. Egilsson ritstjóri.

Blaðið verður í dagblaðabroti, kemur út í tíu þúsund eintökum og verður dreift ókeypis á alla helstu staði er varða sjávarútveg; í báta, fiskvinnslustöðvar, útgerðir... „Já, þá sem þjónusta sjávarútveginn og svo á bensínstöðvar,“ segir Sigurjón – sem oft er kallaður -sme. Hann ætlar að efna til mikillar málstofu þegar blaðið kemur út um fyrningarleiðina þar sem hagsmunaaðilar og pólitíkusar sitja fyrir svörum og mun almenningi gefast kostur á að varpa fram spurningum. En þetta verður auglýst síðar.

Segja má að -sme hafi farið á flennireið um íslenska fjölmiðla undanfarin ár en nú er hann að einhverju leyti kominn hringinn. „Já, þetta hefur verið klikkað. Eftir að ég hætti á Fréttablaðinu, fer ég sem ritstjóri á Blaðið og er svo lokkaður til baka aftur til að ritstýra DV. Svo stóðst ekkert af þessu munnlega samkomulagi sem fyrir lá og svo var manni bara ýtt út í lokin. En það er önnur saga sem einhvern tíma verður sögð. Veit bara ekki hvaða ræðupúlt ég vel mér,“ segir -sme hress. Blaðamennska um sjávarútveg er honum síður en svo ný auk þess sem hann er Stýrimannaskólagenginn og var tólf ár til sjós. Sigurjón ritstýrði tímaritinu Víkingi í sjö ár en þessi útgáfa byggist á blaðinu Sjómaðurinn og vefnum mar.is. sem -sme stýrði áður en hann fór á Fréttablaðið þegar til þess var stofnað árið 2001. Sjómanninum verður nú gerbreytt í alhliða útvegsblað. „Bróðir minn Hafsteinn var svo elskulegur að halda því gangandi meðan ég var á stærri miðlum. Og skilaði mér þessu svo aftur.“ Fyrir liggur að rekstur fjölmiðla á Íslandi er í járnum en það vex Sigurjóni, sem stendur einn að útgáfunni, ekki í augum að hrinda úr vör nýjum miðli. „Nei, það gengur vel að safna auglýsingum. Það er allt svo jákvætt í kringum sjávarútveginn. Menn skilja betur en oft áður mikilvægi hans. Ég sé til í framhaldinu hvort ég fæ einhverja með mér í þetta. En það er sætt að eiga lítið útgáfufyrirtæki. Svona eins og að eiga trillu. Enginn kvóti,“ segir -sme sem skoðaði á tímabili útgáfu veglegs fréttatímarits en var ráðlagt að halda að sér höndum og sjá til með hvernig markaðurinn þróast. Auk hans kemur Janus sonur hans að hönnun blaðsins sem og skrifum. Þá nýtir Sigurjón sér krafta blaðamanna í lausamennsku. **jakob@frettabladid.is**


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2009

**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 25. maí 2009 kl. 18.15 á Grand Hótel.**

Dagskrá fundarins:

- Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í breyttu umhverfi - kynning á niðurstöðum úttektar Capacent á starfsemi og árangri sjóðsins.
- Venjuleg ársfundarstörf.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 20. apríl 2009
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is

# Innileg stund á Nasa

**LHASA DE SELA Á NASA**
**Listahátíð í Reykjavík**
Nasa við Austurvöll
★★★★

Bandarísk-mexíkóska söngkonan Lhasa de Sela olli aðdáendum sínum ekki vonbrigðum á Nasa á laugardagskvöldið.

Það var fullur salur fólks mættur á Nasa á laugardagskvöldið til að hlusta á bandarísk-mexíkósku söngkonuna Lhasa de Sela. Hún var að senda frá sér sína þriðju plötu og fylgir henni eftir með tónleikaferðalagi í haust, en tók forskot á sæluna til að spila á Listahátíð í Reykjavík. Dagskrá tónleikanna hófst á upphafslagi nýju plötunnar, Is Anything Wrong, næst kom Bells af sömu plötu og svo nýja smáskífulagið Rising. Með söngkonunni spilaði fjögurra manna hljómsveit skipuð hörpuleikara, kontrabassaleikara, trommuleikara og gítarleikara sem einnig greip í stálgítar og banjó.

Það sem einkennir tónlist Lhasa er röddin og söngurinn hennar og svo þessi frekar óvenjulega blanda af poppi og amerískri og evrópskri þjóðlagatónlist. Hún syngur líka á þremur tungumálum, spænsku, frönsku og ensku, en nýja platan hennar er öll á ensku. Af átján lögum sem flutt voru á tónleikunum á laugardagskvöldið voru ellefu af nýju plötunni. Hún hljómar ekki alveg jafn spennandi og fyrri plöturnar tvær við fyrstu hlustun, en vinnur á og maður fékk sterkari tengingu við lögin með því að sjá og heyra þau flutt á tónleikum.

Það heyrðist að hljómsveitin var að spila þessi lög í fyrsta sinn opinberlega, en smá hik hér og þar kom ekki að sök, Lhasa gaf sig að fullu í tónleikana, spjallaði á milli laga og skilaði fínum og innilegum tónleikum. Hljómburðurinn var líka góður.

Það er alltaf svolítið öðruvísi stemning á Listahátíðartónleikum heldur en öðrum tónleikum. Það vakti t.d. athygli mína á laugardagskvöldið að þrátt fyrir að tónlistin væri mjög lágstemmd á köflum þá var hið alræmda Nasaskvaldur ekki að trufla. Tónleikagestir höfðu bara hljótt. Eftir fimmtán lög og mikið uppklapp kom sveitin aftur á svið. Fyrst sungu þau fimm saman lagið Small Song af The Living Road, svo kom Sam Cooke-lagið A Change Is Gonna Come í ágætri útgáfu og loks lokalag nýju plötunnar, Anyone and Everyone.

**Trausti Júlíusson**







Átak og árangur

Ný 6 vikna námskeið í Hress hefjast 1. júní

Innifalið í átaksnámskeiði:
Árangur, hreysti, þol, styrkur, vellíðan, fræðsla, vigtun og mælingar í skemmtilegum félagsskap. Ótakmarkaður aðgangur að öllum opnum tímum og tækjasal.

Pilates Classik
Ný námskeið hefjast 2. júní
Kl. 17.15 á þri. og fim. Aðgangur að opnum tímum, sundi og tækjasal.

Sumartilboð
Þrír mánuðir í Hress á 16.990.-

Hressandi sumar 2009
Nú er sumar, langar þig út að leika.
4 vikna útinámskeið hefjast 2. júní.
Kl. 6.00 á þri. og fim. Vellir



6 vikna konu átak
Kl. 6.05 3 x í viku
Kl. 9.15 3 x í viku
Kl.17.30 3 x í viku
Verð kr. 19.990.-
Korthafar kr. 10.990.-



6 vikna karla átak
Kl. 18.30 3 x í viku
Verð kr. 19.990.-
Korthafar kr. 10.990.-

HRESS
Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

Skráning og nánari upplýsingar í símum 565 2212 og 565 2712
Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum

Grafika 09



Red Curry er eitt vinsælasta krydd Tælendinga. Þessi blanda af karrý, chilli og framandi kryddi kallar fram spennandi bragð sem á vel við kjúklingakjöt. Kókósmjólkin gefur réttinum síðan milt og rjómakennt bragð.

THAI-CHOICE

Toppurinn frá Thailandi




Thai karrý-kjúklingur

1 dós Thai Red Curry sósa (290g)
1/2 dós Thai Choice kókosmjólk (200g)
250g kjúklingabringa skorin í strimla
100g grænmet
(t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)

Steikið kjúklinginn og grænmetið á pönnu við háan hita í 3-4 mín. Bætið Thai Red Curry sósuni og Thai Choice kókósmjólkinni út í og eldið þangað til kjötið er full eldað (ca. 5 mín.) Þessi réttur er einnig ljúffengur með nautakjöti eða rækjum. Einnig er hann góður með grænmeti í stað kjöts.

Berið fram með Jasmine hrísgrjónum.

> **Allt á Vísi**

Fréttablaðið minnir á að umfjöllun um alla leiki Pepsi-deildar karla má finna á íþróttavef Vísis. Fréttablaðið mun sem fyrr sinna leikjum deildarinnar af fremstu getu en á Vísi má finna umfjöllun, viðtöl, tölfræði og einkunnir leikmanna og dómara úr hverjum leik, skömmu eftir að þeim lýkur hverju sinni. Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins er einnig á Vísi en þar er öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðarlýsingu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA:** FJÓRIR LEIKIR FÓRU FRAM Á LAUGARDAGINN

# *KR á toppinn og FH skaut Stjörnuna niður*



Fjórir leikir fóru fram í Pepsi-deild karla á laugardaginn og bar þar helst til tíðinda að KR kom sér á toppinn með sínum fyrsta sigri í Vestmannaeyjum í tólf ár. Þar skoraði Baldur Sigurðsson eina mark leiksins á 87. mínútu. Það dugði til að koma KR á topp deildarinnar þar sem Stjarnan tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu er liðið mætti Íslandsmeisturum FH í Kaplakrika.

FH komst í 2-0 í upphafi síðari hálfleiks en Stjarnan náði að minnka muninn aðeins tveimur mínútum síðar. Eftir það var nokkuð jafnræði með liðunum en það breyttist allt þegar Bjarni Þórður Halldórsson, markvörður Stjörnunnar, fékk rautt fyrir að brjóta á Atla Guðnasyni sem var sloppinn í gegn. Víti var dæmt og FH komst í 3-1.

„Mér fannst þetta vera skýrt og skólabókardæmi um rautt spjald," sagði Atli Viðar Björnsson, besti leikmaður FH í leiknum, eftir leikinn. „Hann átti bara eftir að rúlla boltanum í markið. Eftir að við komumst í 3-1 var þetta aldrei spurning og sigurinn hefði þess vegna getað orðið stærri."

Keflavík vann sinn þriðja heimaleik í röð er Jóhann Birnir Guðmundsson tryggði liðinu 1-0 sigur á Fram. Þar með hefur Keflavík unnið FH, Val og Fram á heimavelli sínum og því óhætt að segja að liðið hafi byrjað vel.

Þá gerðu Þróttur og Fjölnir 1-1 jafntefli þar sem tveir leikmenn Þróttar fengu að líta rauða spjaldið. Andrés Vilhjálmsson fyrir brot og Hjörtur Hjartarson fékk tvær áminningar fyrir að brúka kjaft, báðar eftir að honum hafði verið skipt út af velli.

Stórleikur næstu umferðar verður viðureign KR og FH á fimmtudagskvöldið. Atli Viðar bíður í það minnsta spenntur eftir þeim leik.

„Okkur hefur gengið vel með KR í gegnum tíðina og viljum halda því taki sem við höfum á þeim. Bæði þessi lið ætla sér að vera ofarlega og því mikilvægur leikur upp á toppbaráttuna að gera. Það er alltaf gaman að koma í Frostaskjólið og ekki verra að skora."

Glæsilegur árangur á Norðurlandamóti í Svíþjóð:

# U-18 lið karla meistari

**KÖRFUBOLTI** U-18 landslið karla varð í gær Norðurlandameistari í körfubolta eftir sigur á Finnum í úrslitaleik, 78-69. Haukur Baldvinsson var kjörinn besti leikmaður mótsins.

U-16 lið karla hlaut bronsið eftir sigur á Finnum í leik um þriðja sætið. En U-16 lið kvenna tapaði hins vegar sínum bronsleik, fyrir Dönum.

U-18 lið kvenna keppti ekki í gær og varð liðið í fimmta og neðsta sæti í sínum flokki. **- esá**






# Sigur grimmra Fylkismanna

**Það voru grimmir Fylkismenn sem fóru létt með Breiðablik í Árbænum í gær en það voru vel heppnuð föst leikatriði í fyrri hálfleik sem lögðu grunninn að sigrinum. Fylkir er nú við topp Pepsi-deildarinnar með tíu stig, rétt eins og KR.**

**FÓTBOLTI** Fylkir er komið í annað sæti Pepsi-deildarinnar með jafnmörg stig og topplið KR eftir góðan, 3-1 sigur á Breiðablik á heimavelli gær.

Blikar komust yfir snemma leiks en Fylkismenn svöruðu því með tveimur mörkum á þremur mínútum þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik.

„Þetta er eitthvað sem við höfum verið að gera í leikjunum hingað til og það gekk upp núna," sagði Valur Fannar Gíslason um tvö mörk Fylkis í fyrri hálfleik sem bæði komu eftir aukaspyrnu á miðjum vellinum.

„Við vorum grimmir og uppskárum tvö mörk. Það þarf að skora eftir föst leikatriði líka, það telur jafn mikið og önnur mörk."

Fylkir var mun betri aðilinn í síðari hálfleik og bætti einu marki við og var liðið mun líklegra að skora fleiri mörk en Blikar að minnka muninn.

„Við vorum klárlega grimmari og vildum þetta meira. Við vorum 2-1 yfir og biðum átekta. Þeir komu eins og við vissum að þeir myndu gera og þá settum við eitt á þá og þá reyndum við að vera skynsamir og drepa leikinn og það tókst," sagði Valur Fannar fyrirliði Fylkis.

„Þeir áttu varla færi. Þetta var fullt af hornspyrnum og aukaspyrnum sem gáfu ekki neitt. Við drápum leikinn niður í leiðindi í stöðunni 3-1 og það er hluti af þessu, að sigla leiknum í land."

„Það er frábær árangur en við vinnum eftir okkar markmiðum. Þetta var skref í þá átt og við vinnum eftir því, að gera betur en sjöunda sætið á síðustu leiktíð," sagði Valur Fannar.



**MAÐUR LEIKSINS** Fylkismaðurinn Kjartan Ágúst Breiðdal í baráttu um knöttinn við Finn Orra Margeirsson, leikmann Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FYLKIR 3-1 BREIÐABLIK**

*0-1 Alfreð Finnbogason (12.)*
*1-1 Kjartan Ágúst Breiðdal (38.)*
*2-1 Valur Fannar Gíslason (41.)*
*3-1 Halldór Arnar Hilmisson (71.)*

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.357
Örvar Sær Gíslason (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–7 (4–5) |
| Varin skot | Fjalar 4 – Ingvar 1 |
| Horn | 4–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–13 |
| Rangstöður | 4–9 |

**Fylkir 4–4–2** Fjalar Þorgeirsson 6 – Andrés Már Jóhannesson 6, Kristján Valdimarsson 7, Einar Pétursson 7, Tómas Þorsteinsson 5 – Ingimundur Níels Óskarson 7 (89. Theódór Óskarsson -), Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5 (79. Ólafur Ingi Stígsson -), Valur Fannar Gíslason 7, ***Kjartan Ágúst Breiðdal 8** – Pape Mamadou Faye 5, Halldór Arnar Hilmisson 6 (83. Þórir Hannesson -).

**Breiðablik 4–3–3** Ingvar Þór Kale 5 – Árni Gunnarsson 3 (46. Guðjón Gunnarsson 4), Guðmann Þórisson 4, Kári Ársælsson 5, Kristinn Jónsson 4 (85. Aron Smáras -) – Finnur O. Margeirsson 4, Guðmundur Kristjánsson 4, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5 – Kristinn Steindórsson 4, Alfreð Finnbogason 4, Olgeir Sigurgeirsson 2 (80. Arnar Sigurðsson -).

Alfreð Finnbogason skoraði í fjórða leiknum í röð fyrir Breiðablik. „Það er jákvæði punkturinn í [gær]. Ég fer inn í hvern leik til að skora mark en það er númer eitt, tvö og þrjú að vinna leikinn og það tókst ekki sem er grautfúlt," sagði markaskorarinn.

„Mér fannst við vera með leikinn í okkar höndum þegar við voru 1-0 yfir en þá gefum við tvær klaufalegar aukaspyrnur og erum steinsofandi í þeim. Við grófum okkur í einhverju holu og komumst ekki upp úr henni aftur."

„Menn voru ákveðnir í að rífa sig upp úr þess en það er erfitt að útskýra hvað gerist á vellinum. Við fengum einhver hálffæri en nýttum þau ekki og svo þegar þriðja markið kemur þá drepa þeir leikinn. Við getum sjálfum okkur um kennt að hafa ekki klárað hann þegar við vorum yfir," sagði Alfreð. **- gmi**


**Lífogsál**

SÁLFRÆÐISTOFA

**Söfnum kröftum**

**Breytum vandamálum í verkefni**

**Líf og sál býður upp á fjögurra vikna námskeið þar sem fjallað verður um:**

- Að efla sjálfstraustið
- Árangursríkar leiðir í samskiptum
- Jákvæðni og uppbyggileg viðhorf
- Að setja sér markmið og vinna að þeim
- Viðbrögð við áföllum og breytingum
- Að gefa daglega lífinu jákvætt innihald

6 skipti á fjórum vikum, samtals 12 klst. Takmarkaður þátttakendafjöldi, persónulegur stuðningur og jákvætt andrúmsloft. Samhliða námskeiðinu bjóðast þátttakendum einstaklingsviðtöl. Leiðbeinendur eru sálfræðingar Lífs og sálar: Þórkatla Aðalsteinsdóttir, Einar Gylfi Jónsson, Áslaug Kristinsdóttir og Rakel Davíðsdóttir.

Fyrsta námskeið hefst 3. júní

**Nánari upplýsingar og skráning í 511 5508 og lifogsal@lifogsal.is**

**Við bendum þér á leiðina og styðjum þig í að feta hana.**




Fyrri úrslitaleikurinn í Meistaradeild Evrópu í handbolta fór fram í gær:

# Fimm marka forysta Alfreðs

**HANDBOLTI** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar standa þokkalega að vígi fyrir síðari úrslitaleikinn í Meistaradeild Evrópu en þeim fyrri lauk með fimm marka sigri Kiel á Ciudad Real í Þýskalandi í gær, 39-34. Ólafur Stefánsson var sem fyrr í lykilhlutverki í liði Spánarmeistara Ciudad Real og skoraði alls sex mörk í leiknum, þar af eitt úr víti.

Staðan í hálfleik var 18-12, Þjóðverjunum í vil. Ciudad Real náði þó að minnka muninn hægt og rólega og jafna metin í stöðunni 32-32. En þeir spænsku fóru illa að ráði sínu á lokamínútunum og Kiel breytti stöðunni úr 34-33 í 39-33.

Kiel á möguleika á að vinna þrefalt í ár og það í annað sinn í sögu félagsins. **- esá**



**ÓLAFUR Í HAM** Ólafur Stefánsson sækir hér að marki Kiel. Hann skoraði alls sex mörk. NORID PHOTOS/BONGARTS

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild karla*

**ÍBV - KR** **0-1**
0-1 Baldur Sigurðsosn (87.)
**FH - Stjarnan** **5-1**
1-0 Atli Viðar Björnsson (25.), 2-0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (48.), 2-1 Hafsteinn Rúnar Helgason (50.), 3-1 Davíð Þór Viðarsson, víti (65.), 4-1 Alexander Söderlund (82.), 5-1 Söderlund (86.).
**Keflavík - Fram** **1-0**
1-0 Jóhann Birnir Guðmundsson (52.).
**Þróttur - Fjölnir** **1-1**
1-0 Morten Smidt (15.), 1-1 Ragnar Heimir Gunnarsson (33.).
**Fylkir - Breiðablik** **3-1**
*Umfjöllun um alla leiki má finna á Vísi.*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **4** | **3** | **1** | **0** | **7-1** | **10** |
| Fylkir | 4 | 3 | 1 | 0 | 6-1 | 10 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **0** | **1** | **13-6** | **9** |
| FH | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-5 | 9 |
| **Keflavík** | **4** | **3** | **0** | **1** | **5-2** | **9** |
| Breiðablik | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-7 | 6 |
| **Fram** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-3** | **4** |
| Fjölnir | 4 | 1 | 1 | 2 | 6-8 | 4 |
| **Valur** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-5** | **3** |
| Þróttur | 4 | 0 | 2 | 2 | 2-9 | 2 |
| **Grindavík** | **3** | **0** | **0** | **3** | **3-10** | **0** |
| ÍBV | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-7 | 0 |

### *Pepsi-deild kvenna*

Fylkir - Þór/KA 1-1
Afturelding/Fjölnir - KR 3-1

### *Enska úrvalsdeildin*

**Wigan - Portsmouth** **1-0**
1-0 Hugo Rodallega (26.). Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í liði Portsmouth.
**Sunderland - Chelsea** **2-3**
0-1 Nicolas Anelka (47.), 1-1 Kieran Richardson (52.), 1-2 Salomon Kalou (74.), 1-3 Ashley Cole (86.), 2-3 Kenwyne Jones (90.).
**Manchester City - Bolton** **1-0**
1-0 Felipe Caicedo (8.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn í liði Bolton.
**Liverpool - Tottenham** **3-1**
1-0 Fernando Torres (32.), 2-0 Alan Hutton, sjálfsmark (64.), 2-1 Robbie Keane (77.), 3-1 Yossi Benayoun (82.).
**Hull - Manchester United** **0-1**
0-1 Darron Gibson (24.).
**Fulham - Everton** **0-2**
0-1 Leon Osman (45.), 0-2 Leon Osman (87.).
**Blackburn - West Brom** **0-0**
**West Ham - Middlesbrough** **2-1**
1-0 Carlton Cole (33.), 1-1 Gary O'Neil (50.), 2-1 Junior Stanislas (58.)
**Arsenal - Stoke** **4-1**
1-0 James Beattie, sjálfsmark (10.), 2-0 Robin van Persie, víti (16.), 3-0 Abou Diaby (18.), 3-1 Ricardo Fuller, víti (31.), 4-1 Van Persie (41.).
**Aston Villa - Newcastle** **1-0**
1-0 Damien Duff, sjálfsmark (38.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **38** | **28** | **6** | **4** | **68-24** | **90** |
| Liverpool | 38 | 25 | 11 | 2 | 77-27 | 86 |
| **Chelsea** | **38** | **25** | **8** | **5** | **68-24** | **83** |
| Arsenal | 38 | 20 | 12 | 6 | 68-37 | 72 |
| **Everton** | **38** | **17** | **12** | **9** | **55-37** | **63** |
| Aston Villa | 38 | 17 | 11 | 10 | 54-48 | 62 |
| **Fulham** | **38** | **14** | **11** | **13** | **39-34** | **53** |
| Tottenham | 38 | 14 | 9 | 15 | 45-45 | 51 |
| **West Ham** | **38** | **14** | **9** | **15** | **42-45** | **51** |
| Man. City | 38 | 15 | 5 | 18 | 58-50 | 50 |
| **Wigan** | **38** | **12** | **9** | **17** | **34-45** | **45** |
| Stoke City | 38 | 12 | 9 | 17 | 38-55 | 45 |
| **Bolton** | **38** | **11** | **8** | **19** | **41-53** | **41** |
| Portsmouth | 38 | 10 | 11 | 17 | 38-57 | 41 |
| **Blackburn** | **38** | **10** | **11** | **17** | **40-60** | **41** |
| Sunderland | 38 | 9 | 9 | 20 | 34-54 | 36 |
| **Hull City** | **38** | **8** | **11** | **19** | **39-64** | **35** |
| Newcastle | 38 | 7 | 13 | 18 | 40-59 | 34 |
| **M'brough** | **38** | **7** | **11** | **20** | **28-57** | **32** |
| West Brom | 38 | 8 | 8 | 22 | 36-67 | 32 |

### *Norska úrvalsdeildin*

**Tromsö - Lyn** **1-0**
Indriði Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason voru báðir í byrjunarliði Lyn.
**Start - Bodö/Glimt** **4-0**
**Lilleström - Sandefjord** **2-1**
Kjartan Henry Finnbogason kom inn á sem varamaður hjá Sandefjord á 76. mínútu. Björn Bergmann Sigurðarson var ekki í hópnum hjá L.
**Odd Grenland - Fredrikstad** **2-0**
Árni Gautur Arason lék allan leikinn í liði Odd Grenland, sem og Garðar Jóhannsson hjá Fred.
**Vålerenga - Strömsgodset** **1-0**
**Rosenborg - Viking** **1-0**
Birkir Bjarnason lék allan leikinn í liði Viking.

### *Sænska úrvalsdeildin*

**Örebro - Djurgården** **2-2**
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir skoraði fyrra mark Örebro en Edda Garðarsdóttir var einnig í byrjunarliði liðsins. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir lék allan leikinn fyrir Djurgården og skoraði síðara mark liðsins sem reyndist einnig jöfnunarmarkið.
**Sunnanå - Kristanstad** **2-1**
Guðný Björk Óðinsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir léku báðar allar leikinn fyrir Kristanstad.

### *EHF-bikarkeppnin*

**Gorenje Velenje - Gummersbach** **28-29**
Róbert Gunnarsson skoraði tvö mörk fyrir Gummersbach sem stendur vel að vígi fyrir síðari úrslitaleik liðanna í keppninni sem fer fram í Þýskalandi á annan í hvítasunnu.

Newcastle og Middlesbrough féllu úr ensku úrvalsdeildinni ásamt West Brom í gær:

# Við vorum bara ekki nógu góðir

**FÓTBOLTI** Newcastle, sem stundum var kallað fimmta stórveldið í ensku úrvalsdeildinni, féll úr deildinni eftir 1-0 tap fyrir Aston Villa í gær. Það er sannarlega sjónarsviptir að liðinu enda er það eitt hið frægasta á Bretlandseyjum með einhvern öflugasta stuðningsmannahóp allra liða í Englandi. Það var Damien Duff sem varð fyrir því mikla óláni að skora sjálfsmark í leiknum gegn Aston Villa í gær og reyndist það markið sem dæmdi liðið niður um deild.

„Ég get ekki kvartað,“ sagði Alan Shearer sem var fenginn til að bjarga félaginu fyrr á tímabilinu. „Við vorum bara ekki nógu góðir yfir allt tímabilið.

Hann segir að nú sé mikilla breytinga þörf hjá félaginu. „Það þarf að taka stórar ákvarðanir. Leikmenn þurfa að fara og aðrir að koma inn,“ sagði Shearer.

Þó svo að Hull hafi aðeins unnið einn af síðustu 22 leikjum sínum í deildinni náði liðið að bjarga sér fyrir horn. Phil Brown, stjóri liðsins, sagði það sitt mesta afrek á ferlinum.

„Það var frábært að komast upp í fyrra en að halda sér uppi er stórkostlegt.“

Manchester United stillti upp hálfgerðu B-liði í gær en það kom ekki að sök. „Það getur enginn efast um gæði liðs United. Það mátti vera öllum ljóst.“

Middlesbrough tapaði fyrir West Ham, 2-1, en hefði þurfti minnst fjögurra marka sigur til að halda sér uppi. Gareth Southgate, stjóri liðsins, vill þrátt fyrir allt halda áfram.

Hins vegar ákvað Ricky Sbragia, stjóri Sunderland, að segja af sér þrátt fyrir að liðið hefði haldið sér uppi. Sunderland tapaði fyrir Chelsea í gær, 3-2.

„Ég tel að það þurfi stjóra með þekktara nafn til að leiða þetta félag áfram. Ég fékk tækifæri til að stýra liði í úrvalsdeildinni og náði að gera það sem ætlast var til af mér. Ég hefði viljað gera betur en er afar ánægður með að við héldum sæti okkar.“

Tottenham hefði þurft að vinna Liverpool til að koma sér í Evrópusæti en tapaði, 3-1. Það verða því Everton, Aston Villa og Fulham sem keppa í Evrópudeildinni á næstu leiktíð.

**- esá**



**ALAN SHEARER** Náði ekki að bjarga Newcastle.
NORDIC PHOTOS/GETTY





**> Ryan Gosling**

„Það er ekki nóg að gera vel einn dag. Maður þarf að gera eins vel og maður getur alla ævi.“

***Gosling fer með aðalhlutverkið í myndinni Half Nelson sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VÍÐIR SMÁRI PETERSEN ER ÓSÁTTUR VIÐ NÁGRANNA

# *Grannagláp í mikilli hættu*




Frá unga aldri hef ég fylgst með á Stöð 2, eins og margir Íslendingar, hinum góðu grönnum, sem búa við Ramsay Street. Það hefur verið mitt „guilty pleasure“. Grannarnir hafa stytt mér margar stundirnar, sérstaklega á sunnudögum þegar þættir liðinnar viku eru sýndir í röð. Eftir áramót fór þó að halla undan fæti hjá mér í grannaglápi sökum anna. Hef ég því misst þráðinn. Skemmtilegast fannst mér að horfa á gömlu kumpánana Harold og Lou bralla ýmislegt og sjá Toady bregða á leik. Jafnframt var almennt bara gaman að sjá ástir og örlög nágranna í litlum botnlanga í Erinsborough í Ástralíu en eins og flestir vita sem fylgst hafa með þáttunum er slysa- og skilnaðartíðni meiri í þessum botnlanga en gengur og gerist í venjulegum botnlöngum í úthverfum á Íslandi.

Nú er hins vegar babb komið í bátinn. Ég náði að fylgjast með einum þætti í síðustu viku eftir að hafa klárað prófin. Harold er hættur, en hann hefur verið stoð og stytta þáttarins! Toady er orðinn leiðinlegur og einhverjar nýjar, leiðinlegar fjölskyldur komnar á svæðið. Allar skemmtilegu persónurnar eru ýmist fluttar, dánar, minnislausar eða í mjög löngu ferðalagi. Einu skemmtilegu persónurnar eru Susan og Karl, en mesta púður þeirra fer í að sinna ótrúlega leiðinlegum fósturbörnum sínum, sem virðast ekkert geta gert rétt. Því er ég óviss hvort grannagláp mitt haldi áfram og þykir mér það miður. Ég vona að framleiðendur þáttanna taki sig til og „púlli“ smá Guiding Light og veki einhverja góða og klassíska persónu upp frá dauðum, eins og til dæmis Dee – þá gæti Toady loks tekið gleði sína á ný!

## MÁNUDAGUR



▶ **19.40 E.R.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45 Valur – Grindavík, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 American Idol** STÖÐ 2



▶ **20.30 What I Like About You** SKJÁREINN



▶ **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (35:56)

**17.53 Sammi** (26:52)

**18.00 Millý og Mollý** (12:26)

**18.13 Herramenn** (52:52)

**18.25 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. Leitast er við að varpa ljósi á og skýra málefni líðandi stundar bæði innanlands og erlendis (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Safnarar í Himalajafjöllum** (Jungle Nomads of the Himalayas) Frönsk heimildamynd um Raji-fólkið á landamærum Nepals og Indlands sem hættir lífi sínu við klifur eftir hunangi í háum trjám.

▶**21.15 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**22.50 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)

**23.35 Hringiða** (1:8) (Engrenages) (e)

**00.25 Kastljós** (e)

**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Thank You for Smoking**

**10.00 Waitress**

**12.00 Iron Giant**

**14.00 Thank You for Smoking**

**16.00 Waitress**

**20.00 Half Nelson** Dan Dunne er kennari í ríkisskóla í Brooklyn. Hann á við eiturlyfjavandamál að stríða og myndar sérstaka vináttu við eina stúlkuna í bekknum eftir að hún kemst að þessu leyndarmáli hans.

**22.00 Hustle & Flow**

**00.00 Happy Endings**

**02.10 The Deal**

**04.00 Hustle & Flow**

**06.00 G**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (7:25)

**09.55 Doctors** (8:25)

**10.20 Extreme Makeover. Home Edition** (9:25)

**11.05 Cold Case** (8:23)

**11.50 Logi í beinni**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (196:260)

**13.25 Life Support**

**15.05 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (20:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (17:22) Þáttur tileinkaður verðlaunamyndinni Forrest Gump þar sem Hómer er í hlutverki Forrests Gumps.

▶**20.00 American Idol** (39:40) Nú eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna.

**20.55 American Idol** (40:40) Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol.

**22.35 Entourage** (4:12)

**23.05 Peep Show** (12:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

**23.30 New Amsterdam** (8:8)

**00.15 Bones** (11:26)

**01.00 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (8:9)

**01.45 La Demoiselle d'honneur**

**03.30 Life Support**

**04.55 Entourage** (4:12)

**05.25 Peep Show** (12:12)

**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Orlando - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

**14.05 HP Byron Nelson Championship** Útsending frá Byron Nelson Championship-mótinu í golfi.

**17.05 Orlando - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

**18.45 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

▶**19.45 Valur - Grindavík** Bein útsending frá leik Vals og Grindavíkur í Úrvalsdeild karla.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**22.30 Þýski handboltinn. Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**23.00 Valur - Grindavík** Útsending frá leik Vals og Grindavíkur í Úrvalsdeild karla.

**01.00 Denver - LA Lakers** Bein útsending frá leik Denver og Lakers í úrslitakeppni NBA.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**13.45 Burnley - Sheff. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

**16.15 Hull - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.55 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**18.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1998.

**19.20 Burnley - Sheff. Utd.** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

**21.10 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.10 Aston Villa - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.55 Liverpool - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 The Game** (17:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.10 Psych** (13:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)

**20.00 This American Life** (3:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja.

▶**20.30 What I Like About You** (3:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.

**21.00 One Tree Hill** (18:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas og Julian mæta óvæntum vandræðum við gerð kvikmyndarinnar. Sam er handtekin og Brooke þarf að grípa í taumana. Jamie kemst að sannleikanum um Dan og Keith frænda.

**21.50 CSI** (19:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Rannsókn á dauða fallhlífastökkvara tekur nýja stefnu þegar það er finnast tengsl við annað morðmál.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 The Cleaner** (11:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum fíknarinnar. (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir þingkona stýrir pólitítískri umræðu.

**20.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson rýnir í pólitítískt landslag líðandi stundar.

**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson ræðir við Jón Kristjánsson fiskifræðing um fiskveiðistjórnun á Íslandi.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún spjallar við Gunnhildi Heiðu Axelsdóttur um leið til betra lífs.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


FYRIR

EFTIR




Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –

FERSKUR RJÓMI
Í ENN FERSKARI UMBÚÐUM

Matreiðslurjóminn er lykillinn að góðum sósum og súpum. Í eftirrétti, mjólkurhristinga og búðinga hentar matreiðslurjóminn vel sem fituminni valkostur við hefðbundinn rjóma. Út á ávaxtagrautinn er matreiðslurjóminn ómissandi. Hvernig sem hann er notaður krónar matreiðslurjóminn matseldina.

Rósfingraður rjóminn leikur við bragðlaukana

ms.is/gottimatinn

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -09-0788

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.35**
**Entourage**

Fjórða sería einnar mest verðlaunuðu þáttaraðar sem framleidd er um þessar mundir. Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**This American Life**
**Skjáreinn kl. 20.00**

Bandarísk þáttaröð, byggð á vinsælum útvarpsþáttum þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. Meðal efnis í þættinum í kvöld verður umfjöllun um hóp fólks sem hittist mánaðarlega í Mojave-eyðimörkinni í von um að ná ljósmynd af Guði.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hringsól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (195:260)
**17.15 Hollyoaks** (196:260)
**17.40 E.R.** (13:22)
**18.25 Seinfeld** (5:13)
**18.45 Hollyoaks** (195:260)
**19.15 Hollyoaks** (196:260)
▶**19.40 E.R.** (13:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**20.25 Seinfeld** (5:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Cold Case** (19:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**22.45 Prison Break** (17:24) Scofield-bræður eru að nálgast takmark sitt sem er að verða frjálsir menn En til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**23.30 Damages** (12:13)
**00.15 Fringe** (18:21)
**01.00 Sjáðu**
**01.25 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Dalziel and Pascoe **10.55** Dalziel and Pascoe **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** After You've Gone **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.05** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** After You've Gone **19.10** Jekyll **20.00** Holby Blue **20.50** Any Dream Will Do **21.55** Dalziel and Pascoe **22.45** Dalziel and Pascoe **23.35** Any Dream Will Do

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Grænser for eksport **11.00** Tro, håb og Ikea **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Family Guy **14.30** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.15** Snurres barndomsminder **15.25** Daffy som babysitter **15.30** Den travle by **16.00** Aftenshowet **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **18.00** På opdagelse i Amazonas **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** OBS **21.40** Seinfeld **22.05** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Finnes det intelligent liv i rommet? **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Borettslaget **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Selma og Sophie **20.30** Husdrømmen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.45** Hvorfor det? **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **12.05** För min heta ungdoms skull **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Biltokig **15.25** Sommartid **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Chris på chokladfabriken **16.45** Klokast i klassen **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Berlinerpopplarna **18.50** Blå himlen blues **19.00** Sally Lockhart. Rubinen i dimman **20.35** Kulturnyheterna **20.50** Nip/Tuck **21.35** Babben & co **22.35** Sändningar från SVT24




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Þetta er stelpa sem fer hljótt og er ekki að berja sér á brjóst. Hún er töffari í sér og er ferlega dugleg. Hún er líka búin að vera í boltanum frá því að hún var tíu ára og er í píanónámi Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, en þetta gerir hún sjálf, allt án pressu frá okkur foreldrunum.“*

Björg Jóhannesdóttir, móðir Maríu Lindar Sigurðardóttur, sem var dúx Kvennaskólans og með tíu í einkunn á öllum lokaprófum þessa árs.

# Stefán Karl kemur heim í Búðardal

„Þetta er fyrsta aðalhlutverkið mitt í íslenskri bíómynd og þótt víðar væri leitað,“ segir Stefán Karl Stefánsson, stórleikari í Los Angeles. Hann leikur aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Laxdæla Lárusar Skjaldarsonar, sem fer í tökur í sumar. Stefán leikur þar áðurnefndan Lárus, borgarbarn með allt niðrum sig. Hann ákveður að breyta um umhverfi, flytjast vestur og taka að sér uppbyggingu Sláturhússins í Búðardal. „Mér líst bara ljómandi vel á þetta, ég verð á landinu í sumar við að kynna plötuna mína þannig að þetta hentaði mér bara mjög vel,“ segir Stefán. Annars ganga upptökur á plötunni vel, meira að segja fyrrverandi trommuleikari Doobie Brothers og Neil Diamond hefur lamið húðirnar í sumum lögunum en hún kemur út 23. júní.

En aftur að myndinni. Stefán hreifst af handritinu sem hann fékk í hendurnar og lýsir myndinni sem klassískri, íslenskri mynd. Tökuliðið verður í Búðardal í tuttugu daga en meðal annarra leikara Laxdælu má nefna Eggert Þorleifsson og Ágústu Evu Erlendsdóttur.

Annars varð leikarinn fyrir miklu áfalli nýverið því golfsettinu hans var stolið úr bílskúrnum hans. Stefán er annálaður kylfingur með golfbakteríu á hæsta stigi og því var þjófnaðurinn honum mikill harmur. „Nágranni minn er fyrrverandi FBI-fulltrúi og hann fór strax að rannsaka málið, honum fannst fyndið að einhver skyldi stela golfsettinu mínu með laganna vörð í götunni,“ segir Stefán sem hefur því ekkert getað stundað golfið það sem af er sumri. „Ég fór meira að segja upp á golfvöll og spurði hvort það væri einhver möguleiki á að ég hefði gleymt golfsettinu, það var bara hlegið að mér.“ - fgg



**Í ÍSLENSKT BÍÓ** Stefán Karl leikur verkfræðinginn Lárus Skjaldarson sem breytir um umhverfi og flytur í Búðardal.



**LÁRÉTT**
**2.** læra, **6.** óreiða, **8.** lón, **9.** tímabils, **11.** skóli, **12.** standa sig, **14.** hlutdeild, **16.** í röð, **17.** sigti, **18.** kæla, **20.** skammstöfun, **21.** yndi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** morð, **3.** skammstöfun, **4.** austurafríkuríki, **5.** herma, **7.** ráðning, **10.** kvabb, **13.** skjön, **15.** lækka, **16.** tugur, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lesa, **6.** rú, **8.** hóp, **9.** árs, **11.** ma, **12.** pluma, **14.** aðild, **16.** tu, **17.** sía, **18.** ísa, **20.** al, **21.** unun.
**LÓÐRÉTT: 1.** dráp, **3.** eh, **4.** sómalía, **5.** apa, **7.** úrlausn, **10.** suð, **13.** mis, **15.** dala, **16.** tíu, **19.** au.






EINAR TÓMASSON: ÞUNGAVIGTARFÓLK FRÁ AMERÍKU VÆNTANLEGT

# Augu Hollywood til Íslands

Sex af fremstu tökustjórum Hollywood eru væntanlegir til landsins í dag og hyggjast skoða náttúru Íslands í fylgd íslenskra framleiðslufyrirtækja. Tökustjórar (e. location managers) eru hálfgerð augu Hollywood en þeirra hlutverk er að finna heppilegustu tökustaðina fyrir stórmyndir frá kvikmyndaborginni.

Hvorki nöfnin né andlitin á þessum aðilum sem hafa boðað komu sína hingað eru heimsþekkt. Þetta eru engu að síður mennirnir sem ráða ansi miklu um hvar kvikmyndir eru teknar og vinna mikilvæg störf bak við tjöldin. Má þar meðal annars nefna Kokayi Ampah sem hefur verið Clint Eastwood innanhandar að undanförnu og rakst meðal annars á svartar strendur Sandvíkur fyrir Flags of Our Fathers. William Bowling kemur einnig til landsins en hann sá um að finna tökustaði fyrir kvikmyndir á borð við Saving Private Ryan, The Horse Whisperer og The Fisher King. Þá má einnig nefna Michael J. Burmeister en hann á heiðurinn af tökustöðunum í Terminator Salvation, Transformers og National Treasure. Sem sagt þungavigtarmenn í því starfi sem gæti reynst Íslandi happadrjúgt á komandi árum.

Einar Tómasson hjá Film in Iceland segir þetta vera eitt umfangsmesta markaðssetningarverkefni sem fyrirtækið hafi ráðist í. „Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið gert áður,“ útskýrir Einar og telur að þarna liggi mikil sóknarfæri fyrir íslensku fyrirtækin sem starfi innan þessa geira. Á meðan á dvöl hinna erlendu gesta stendur munu þeir ferðast um nágrenni höfuðborgarsvæðisins og svo halda til Hornafjarðar, en svæðið þar um kring hefur verið ansi vinsælt meðal kvikmyndagerðarmanna utan úr heimi. Einar kveðst ákaflega spenntur yfir því hvernig þessi samkunda gangi. „Menn verða að hafa það í huga að þessir náungar eru alltaf að störfum, eru alltaf að leita að heppilegum tökustöðum.“ freyrgigja@frettabladid.is



**SPENNTUR** Einar Tómasson segir þessa ferð vera eitt umfangsmesta markaðssetningarverkefni sem Film in Iceland hafi ráðist í. Sex tökustjórar frá Hollywood eru væntanlegir til landsins á mánudaginn og munu þeir ferðast um landið og sjá allt það besta sem náttúra Íslands hefur upp á að bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hún vakti mikla athygli, fréttin um rauðleita drykkinn hennar **Jóhönnu Guðrúnar,** sem einhverjir héldu fram að væri rauðvín. Jóhanna vísaði því á bug enda bindindismanneskja fram í fingurgóma. Hið sama verður ekki sagt um landa Jóhönnu Guðrúnar því samkvæmt heimasíðu Vínbúðanna jókst áfengissala um 35 prósent um Eurovision-helgina miklu. Mestu munaði þar um bjór og því ljóst að margir hafa setið með einn kaldan og fagnað silfrinu í Moskvu.



Reyndar virðist vera komið babb í bátinn með annað sætið því samkvæmt nýlegum fréttum var allt í rugli hjá norska ríkissjónvarpinu með símakosninguna. Þau atkvæði sem voru talin upp frá Noregi voru ekki frá áhorfendum heldur eingöngu dómnefndum. Eins og margir eflaust muna þá gáfu Norðmenn Íslendingum tólf stig en þau tryggðu einmitt **Óskari Páli Sveinssyni** annað sætið á lokasprettinum. Nú er því bara að krossa fingur og vona að álit norsku þjóðarinnar endurspegli álit dómnefndarinnar.

Og **Björgólfur Thor** og eiginkona hans, Kristín Ólafsdóttir, voru meðal stjarnanna í veislu hjá Paul Allen, öðrum af stofnendum Microsoft, í Cannes. Sumir myndu vilja meina að þarna væri augljóst merki um að heimskreppan hefði ekki grafið um sig hjá hjónakornunum. Hins vegar má mörgum vera ljóst að nærvera Björgólfs og Kristínar toppar ekki dvöl þeirra frá árinu 2007 þegar Brad Pitt, Angelina Jolie og George Clooney mættu í partí til þeirra sem haldið var um borð í skútunni The Parsifal.




26.-28. júní 2009

COPENHAGEN Open for Fun

**Konur hlæja saman í Køben**

**Edda Björgvins og Helga Braga**

Njóttu lífsins í Køben með frábærum konum. Sjálfsstyrking, hlátur og tóm gleði!

Verð á mann í tvíbýli:

**84.900 kr.**



**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli erlendis, gisting á 4* Hotel Square og sjálfsstyrkingarnámskeið.

Fíton / SÍA

WONDERFUL COPENHAGEN

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**


# Húsmæður í skoskum smábæ brjálaðar út í Magnús Scheving

Skoskar húsmæður í smábænum Hamilton á Skotlandi urðu heldur betur hvumsa þegar þær mættu með börnin sín og ætluðu að leyfa þeim að sjá hetjuna þeirra úr sjónvarpi; Sportacus, eða Íþróttaálfinn. Samkvæmt skipulagðri dagskrá mikillar matarhátíðar átti Sportacus að mæta á svæðið og sýna listir sínar. Mæðurnar létu ekki rigningu á sig fá enda krakkarnir alveg óðir af spenningi yfir því að sjá íslensku ofurhetjuna. „Við urðum alveg rosalega reiðar þegar við sáum að þetta var ekki Magnus Scheving heldur einhver ástralskur táningur í ljótum búningi með yfirvararskegg sem var alltaf að detta,“ segir Mairi Breen í samtali við staðarblaðið, The Hamilton Advertiser.

Breen bætir því reyndar við að krakkarnir hafi ekki getað greint muninn en mæðurnar hafi orðið virkilega sárar fyrir þeirra hönd, að þarna væri visvítandi verið að reyna að blekkja þau með auglýsingum. Helst þótti henni súrt í broti að þurfa að standa í grenjandi rigningu og hávaðaroki til að horfa á einhverja eftirlíkingu. En þótt krakkarnir hafi tekið Ástralanum vel voru mæðurnar ekki sama sinnis því í ljós kom að þær höfðu einnig verið spenntar fyrir því að sjá hinn spengilega Scheving hoppa um sviðið í smábænum. „Það er skárra að horfa á hann en Barney úr Flinstones,“ segir Breen. Talsmaður hátíðarinnar vísaði öllum ásökunum um svik á bug, sagði ástralska unglinginn vera löglegan Sportacus samkvæmt vörumerkjaskráningu Latabæjar. - fgg



**VAR EKKI Á SKOTLANDI** Magnús Scheving sendi ástralskan staðgengil til smábæjarins Hamilton en það vakti ekki mikla lukku hjá skoskum húsmæðrum sem hafði hlakkað til að sjá íslenska Íþróttaálfinn.


IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
TILBOÐ
á stillanlegum rúmum
PROFLEX
Vinsælasta
stillanlega
rúmið
hjá okkur
Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði
20-50% afsláttur
af völdum vörum
20% afsláttur
af fylgihlutum við dýnukaup
Óseyri 2
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Uppsprettu-hátíðin*

Einhverju sinni spurði ég hjúkrunarfræðinginn mömmu mína hvort hún hefði ekki farið í bæinn á kvennafrídaginn 24. október 1975, kannski í hópi kátra kollega af Landakoti. „Nei, ég var í vinnunni," svaraði hún. „Það varð einhver að sinna sjúklingunum." Mér varð hugsað til þessara orða á miðvikudaginn þegar ég sauð silung ofan í syni mína í stað þess að fara á Uppsprettuhátíðina sem konur héldu í Iðnó til að fagna því sem þær hafa áorkað í samfélaginu og til að hvetja hver aðra til dáða. Eiginmaðurinn var rokinn í vinnuferð til útlanda og einhver varð að sinna sonunum.

**ÞENNAN** dag hafði ég verið að velta fyrir mér frasanum „gömul góð gildi". Um morguninn hafði nefnilega birst mynd í Morgunblaðinu af gamla Morgunblaðshúsinu í Aðalstræti. Þar stendur nú aftur nafn blaðsins og er tekið fram í myndatexta að þarna sé „um tímabundna aðgerð að ræða í þeim tilgangi að minna á hin gömlu góðu gildi". Ekki að furða að ég hafi orðið hugsi. Þetta er svipað og að ímynda sér að „gömul góð gildi" festist á ný í sessi með því að flytja Borgarbókasafnið aftur upp í Þingholt eða bjóða Gervasoni til landsins.

**EN HVAÐ** veit maður svo sem hvaða merkingu Morgunblaðsfólk leggur í „gömul góð gildi"? Maður verður bara að vona það besta. Daginn eftir fletti ég bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu í leit að fréttum af því sem fram hefði farið á Uppsprettuhátíðinni sem ég hafði misst af. Mig langaði að sjá hvaða konur hefðu mætt og hvað þær hefðu sagt í ræðunum sínum. Minnst var á Uppsprettuhátíðina í fyrirtaks ritstjórnarpistli Svanborgar Sigmarsdóttur í Fréttablaðinu en hann fjallaði um hvað samstaða þingkvenna er mikilvæg. Annað fann ég ekki.

**FRAMAN** á Morgunblaðinu gat að líta fyrirsögnina: „Andarungarnir eru komnir á Tjörnina" ásamt mynd af önd og 12 ungum. Blaðamaður rýnir í svipbrigði fuglsins og skrifar að þarna sé á ferðinni „stolt ungamamma með stóra hópinn sinn". Fréttablaðið bauð hins vegar upp á mynd af bikiníklæddum keppendum um titilinn Ungfrú Ísland þar sem þær leika sér á ylströndinni. Ekki gat ég annað en dáðst að því hvað það hafði tekið stuttan tíma fyrir gömul og góð gildi að skjóta rótum að nýju.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 25. maí, 145. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.42 | 13.25 | 23.10 |
| Akureyri | 3.00 | 13.09 | 23.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


